



GEM

FRUMKVÖÐLASTARFSEMI
Á ÍSLANDI 2009



Rannsóknarmiðstöð HR
í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum





FRUMKVÖÐLASTARFSEMI Á ÍSLANDI 2009

Rannsóknarmiðstöð HR
í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum

Hannes Ottósson

Rögnvaldur J. Sæmundsson

Silja Björk Baldursdóttir



EFNISYFIRLIT

Samantekt	4
English Summary	8
1. Inngangur.	11
2. Uppbygging GEM-rannsóknarinnar.	12
Bakgrunnur	12
Forsendur	13
Frumkvöðlastarfsemi	13
Einkenni frumkvöðlastarfsemi	14
Umhverfi.	14
Gagnasöfnun	15
3. Frumkvöðlastarfsemi á Íslandi 2009	16
Umfang	16
Einkenni	17
Umhverfi.	19
4. Samanburður við fyrri ár	23
Umfang	23
Einkenni	23
Umhverfi.	26
5. Samanburður við frumkvöðlastarfsemi í öðrum löndum	28
Umfang	29
Einkenni	30
Umhverfi.	33
6. Frumkvöðlastarfsemi og efnahagskreppa	36
Umfang	36
Áhrif	38
Umhverfi.	38
7. Niðurstöður og ábendingar	40
Heimildaskrá.	42

Gögnin sem notuð eru í þessari skýrslu er safnað af GEM rannsóknarhópnum en greining þeirra og túlkun er alfarið á ábyrgð höfundu.

SAMANTEKT

Undanfarin 11 ár hefur frumkvöðlastarfsemi um allan heim verið könnuð í umfangsmikilli samanburðarrannsókn á vegum alþjóðlega rannsóknarsamstarfsins Global Entrepreneurship Monitor (GEM).

Frumkvöðlastarfsemi hátt í 50 ólíkra landa hefur þannig verið könnuð árlega á sambærilegan hátt og niðurstöður könnunarinnar birtar í alþjóðlegri skýrslu. Í hverju þátttökulandi er að auki unnin skýrsla þar sem kafað er dýpra í niðurstöður í því landi. Íslenska skýrslan kemur hér út í sjöunda sinn en Háskólinn í Reykjavík hefur borið veg og vanda af GEM -rannsókninni hér á landi frá árinu 2002. Markmið skýrslunnar eru fjögur:

- Að gefa yfirlit yfir frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009, umfang hennar, einkenni og umhverfi.
- Að bera frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009 saman við frumkvöðlastarfsemi undanfarinna ára og við frumkvöðlastarfsemi í völdum samanburðarlöndum.
- Að kanna sérstaklega hvort efnahagskreppan hafi haft áhrif á frumkvöðlastarfsemi.
- Að koma með ábendingar hvernig bæta megi umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi og auka ávinning þjóðarinnar af henni.

Frumkvöðlastarfsemi á Íslandi 2009

Árið 2009 undirbjuggu 7,6% landsmanna á aldrinum 18-64 ára nýja viðskiptastarfsemi en 4,2% hófu viðskiptastarfsemi innan við 42 mánuðum áður en könnunin var lögð fyrir. Samtals mældust um 11,4% þjóðarinnar á aldrinum 18-64 ára stunda frumkvöðlastarfsemi, eða um það bil 22 þúsund manns.

Íslendingar á aldrinum 35-54 ára eru líklegri en aðrir landsmenn til að stunda frumkvöðlastarfsemi en nær þrír fjórðu af þeim sem stunda hana eru á því aldursbili. Karlar eru tæplega tvöfalt líklegri en konur og eru um tveir þriðju þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi. Líkur á því að einstaklingar stundi frumkvöðlastarfsemi eykst með aukinni menntun. Undantekningu er að finna hjá þeim sem lokið hafa verknámi, en þeir er næstum því tvöfalt líklegri en þeir sem hafa lokið bóklegu

framhaldshaldskólaprófi. Frumkvöðlar skipa sér nær eingöngu í tvo tekjuhærrí þriðjungana. Frumkvöðlar eru um tvisvar sinnum líklegri til að tilheyra hvorum þessum tekjuhærrí þriðjunga heldur en tekjulægsta þriðjungnum. Tvær stærstu atvinnugreinarnar eru iðnaður og samgöngur (36%) og neytendapjónusta (36%), en rúmlega þriðjungur frumkvöðlastarfsemi tilheyrir hvorum flokki. Þá telst um fimmtingur (20%) frumkvöðlastarfsemi til fyrirtækjapjónustu og um 8% flokkast innan frumatvinnugreina. Frumkvöðlar eru um þrisvar sinnum líklegri til að láta einungis viðskiptatækifærin ráða ferðinni frekar en að vera drifnir áfram af nauðsyn, að öllu leyti eða hluta.

Íslenskir frumkvöðlar gera sér almennt talsverðar vonir um ávinning af frumkvöðlastarfsemi. Einungis 13% gera ekki ráð fyrir fjölgun starfsmanna næstu fimm árin og 21% gera ráð fyrir 20 eða fleiri starfsmönnum að fimm árum liðnum. Tæplega einn af hverjum fjórum takmarkar markaðssvæði sitt við Ísland, en 15% vænta mikils meirihluta viðskipta sinna á erlendum markaði. Um helmingur gerir ráð fyrir umtalsverðri samkeppni, í helmings tilvika er ekki um markaðslegt nýnæmi að ræða og í 82% tilvika er um þekkta tækni og aðferðir að ræða. Frumkvöðlastarfsemi hér á landi snýst þar með í flestum tilvikum um að koma á fót viðskiptastarfsemi með vörur og þjónustu sem þegar eru í boði á markaðnum og á í töluverðri samkeppni við þá sem þar eru fyrir.

Viðhorf almennings virðast vera nokkuð jákvæð í garð frumkvöðlastarfsemi. Meira en helmingur þjóðarinnar telja stofnun fyrirtækja eftirsóknarverðan starfsvettvang. Um tveir þriðju telja frumkvöðla njóta mikillar virðingar og nær þrír fjórðu telja að á Íslandi sé oft sagt frá nýjum árangursríkum fyrirtækjum í fjölmiðlum. Rúmlega fjórðungur þjóðarinnar telur sig koma auga viðskiptatækifæri og hafa kunnáttu og þekkingu til að stofna fyrirtæki. Tæplega þriðjungur

frumkvöðla telur sig búa yfir mikilli frumkvöðlafærni, helmingur telur sig búa yfir nokkurri frumkvöðlafærni og fjórðungur líttill frumkvöðlafærni.

Samkvæmt mati innlendra sérfræðinga á grunnskilyrðum í umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi styðja aðgangur að grunnaðstöðu, menningar- og samfélagslegar venjur, stefna stjórnvalda, verkefni á vegum hins opinbera, inngöngu- og samkeppnisaðstæður og grunnstoðir viðskiptalífsins við frumkvöðlastarfsemi á Íslandi. Það er einnig mat þeirra að núverandi staða hvað varðar menntun og þjálfun og fjármögnun hindri frumkvöðlastarfsemi á Íslandi. Sérfræðingar meta fjármögnun sem mesta veikleikann í umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi. Áhættufjármagn er af mjög skornum skammti og aðgangur að framtaksfjármagni er sérstaklega takmarkaður sem kemur niður á nýskapandi fyrirtækjum og fyrirtækjum með mikla vaxtarmöguleika.

Samanburður við fyrri ár

Umfang frumkvöðlastarfsemi hefur verið nokkuð stöðugt á Íslandi á tímabilinu 2002-2009. Ekki hafa hlutföll einstaklinga greind eftir aldri eða kyni tekið miklum breytingum, en hlutfall háskólagenginna jókst umtalsvert á árunum 2005 til 2008 á kostnað þeirra sem einungis hafa lokið framhaldsskólaprófi. Frá 2004 hefur stöðugt dregið úr hlut tekjulægsta þriðjungsins og árið 2009 var hlutfall þeirra komið undir 5%.

Á milli árána 2008-2009 virðist aukast nokkuð hlutfall þeirra sem hafa, annað hvort að hluta eða öllu leyti, hafið frumkvöðlastarfsemi af nauðsyn. Greint eftir atvinnugreinum hefur frumkvöðlastarfsemi aukist í samgöngum og iðnaði á kostnað fyrirtækja og neytendapjónusta á síðustu árum. Fyrirtækjapjónusta jók hlutfallið á árunum 2007 og 2008, en aftur dró úr á árinu 2009, þegar hlutfall neytendapjónustu hækkaði.

Á tímabilinu hefur orðið marktæk breyting á öllum þremur mælikvörðum um viðhorf almennings til frumkvöðlastarfsemi. Allir mælikvarðarnir hækkuðu nokkuð jafnt til ársins 2007, en 2008 og 2009 varð þó nokkur lækkun. Hlutfall þeirra sem telja sig koma auga á viðskiptatækifæri og hafa þekkingu og reynslu af að stofna fyrirtæki eykst nær stöðugt fram til ársins 2007, en lækkar á árunum 2008 og 2009. Hlutfall þeirra sem telja sig hafa þekkingu og reynslu af öðru hvoru helst svipað, en hlutfall þeirra sem telja sig hafa þekkingu og reynslu af hvorugu eykst frá 2007-2009

Einkunn flestra grunnskilyrða hefur hækkað á tímabilinu 2003-2009. Árið 2009 skera grunnskilyrðin menningar- og samfélagslegar venjur og aðgangur að grunnaðstöðu sig úr með háa einkunn og fjármagnsstuðningur sker sig úr með lága einkunn. Fjármagnsstuðningur eru eina grunnskilyrðið sem sérfræðingarnir telja með afgerandi hætti vera hindrandi fyrir frumkvöðlastarfsemi.

Samanburður við önnur lönd

Umfang frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009 var meira en í flestum öðrum nýsköpunardrífnum hagkerfum í heiminum. Hlutfall þeirra sem hafa nýlega hafið viðskiptastarfsemi var sambærilegt við það sem gerist í samanburðarlöndunum en hlutfall þeirra sem undirbúa slíka starfsemi reyndist sérstaklega hátt á Íslandi.

Ísland er í þessari skýrslu sérstaklega borið saman við nýsköpunardrífna hagkerfin í heild, hin Norðurlöndin, Bretland og Bandaríkin. Nokkur munur var á Íslandi og samanburðarlöndunum í þátttöku einstakra þjóðfélagshópa í frumkvöðlastarfsemi. Þátttaka íslenskra kvenna í frumkvöðlastarfsemi er með minnsta móti. Menntun frumkvöðla á Íslandi er svipuð og í samanburðarlöndunum, en hlutfall háskólamenntaðra á Íslandi er heldur lægra. Helsti munur á aldursdreifingunni á Íslandi í samanburði við önnur lönd er hátt hlutfall aldurshópanna 45-54 og 55-64 ára og lágt hlutfall á aldursbilinu 18-44 ára. Tekjuskípting frumkvöðla á Íslandi er frábrugðin tekjuskíptingunni í samanburðarlöndunum að því leyti að hlutfall lágtekjuhópsins í frumkvöðlastarfsemi er mjög lágt og hlutfall miðtekjuhópsins hátt. Ísland sker sig nokkuð úr að því leyti að hlutfall þeirrar starfsemi sem tilheyrir iðnaði og samgöngum er umtalsvert hærra hér á landi. Einnig er hlutfall fyrirtækjapjónustu og neytendapjónustu lægra á Íslandi en í öðrum samanburðarlöndum. Þetta lága hlutfall gæti gefið til kynna lágt hlutfall innan þekkingariðnaðar, en fyrirtækjapjónusta er talin burðarás þekkingariðnaðarins.

Væntingar um atvinnu- og nýsköpun eru háar meðal íslenskra frumkvöðla borið saman á milli landa. Hlutfall þeirra sem telja að frumkvöðlastarfsemi skapi störf fyrir aðra eru nokkuð hærri á Íslandi, en munurinn eykst stórlega þegar litið er til vaxtar. Hlutfall þeirra sem búast við að fleiri en 20 manns muni hafa atvinnu af viðskiptastarfseminni að fimm árum liðnum, er töluvert hærri á Íslandi en í samanburðarlöndunum. Töluvert meiri væntingar voru einnig gerðar til markaðslegs og tækilegs nýnæmis en í samanburðarlöndunum.

Viðhorf almennings á Íslandi til frumkvöðlastarfsemi er svipað og í samanburðarlöndunum og einnig hlutfall þeirra Íslendinga sem töldu sig hafa hæfni til þess að stofna fyrirtæki. Hlutfall Íslendinga sem töldu sig hafa þekkingu og kunnáttu við að meta viðskiptatækifæri var aðeins hærra en í samanburðarlöndunum.

Í samanburði við önnur lönd hefur umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi sterka stöðu að mati sérfræðinga. Ísland kemur í heildina vel út og sérfræðingar í samanburðarlöndunum telja að færri grunnskilyrði styðji frumkvöðlastarfsemi í sínum löndum en sérfræðingarnir á Íslandi. Samanburðarlöndin fá lægri einkunn en Ísland í flestum tilfellum. Mesti munurinn liggur í hárrí einkunn Íslands varðandi menningar- og samfélagslegar venjur og stefnu og verkefni hins opinbera, einkunn fyrir fjármagnsstuðning er hins vegar lægst allra samanburðarlandanna.

Frumkvöðlastarfsemi og efnahagskreppa

Umfang frumkvöðlastarfsemi og væntingar um frumkvöðlastarfsemi virðast ekki taka miklum breytingum þrátt fyrir efnahagskreppu, en þeim sem hætta starfsemi og stunda nauðsynjadrifna frumkvöðlastarfsemi fjölga mikið. Hlutfall þeirra frumkvöðla sem hætta starfsemi lækkaði stöðugt fram til ársins 2005, en hækkar aftur og nær tvöfaldast á tímabilinu 2005 - 2009. Nauðsynjadrifin frumkvöðlastarfsemi hækkar á milli árunna 2005 og 2006, en lækkar aftur fram til ársins 2008. Á milli árunna 2008 og 2009 nærri tvöfaldast það hlutfall frumkvöðla sem tilheyrir nauðsynjadrifinni frumkvöðlastarfsemi. Hlutfall frumkvöðlastarfsemi og væntingar um stofnun fyrirtækis á næstu þremur árunum eru hæst á Íslandi. Aðeins á hinum Norðurlöndunum er hlutfall þeirrar starfsemi sem hefur verið hætt hærra en á Íslandi, en á Íslandi er þetta hlutfall nærri tvöfalt hærra en í hinum samanburðarlöndunum. Þrátt fyrir að hlutfall nauðsynjadrifinnar frumkvöðlastarfsemi hafa hækkað mikið hér á landi á síðast ári er það með því lægsta meðal samanburðarlandanna.

Í heild má segja að frumkvöðlar séu nokkuð bjartsýnir þrátt fyrir efnahagskreppu, en flestir telja að aðstæður til að hefja starfsemi hafi orðið erfiðari frá síðasta ári. Um 80% frumkvöðla telja að erfiðara sé að hefja starfsemi nú en fyrir ári síðan. Um 40% telja erfiðara um vik núna að vaxa heldur en fyrir ári síðan og tæplega helmingur metur að framboð á viðskiptatækifærum hafi minnkað. Lítil munur er á samanburðarlöndunum

varðandi fækkun viðskiptatækifæra og erfiðleika fyrirtækja að vaxa en Ísland sker sig nokkuð úr varðandi erfiðleika við að hefja starfsemi. Um 80% íslenskra frumkvöðla telja erfiðara nú en fyrir ári síðan að hefja starfsemi, en í samanburðarlöndunum er þetta hlutfall um 60%.

Almennt virðist efnahagskreppan hafa töluverð áhrif á viðhorf almennings til frumkvöðlastarfsemi. Hlutfall þeirra sem telja frumkvöðlastarfsemi góðan starfsvettvang, þeirra sem telja frumkvöðla njóta virðingar og metorða og þeirra sem segja oft sagt frá árangursríkum nýjum fyrirtækjum í fjölmiðlum, lækkar nokkuð á tímabilinu 2007 - 2009. Hlutfall þeirra sem koma auga á viðskiptatækifæri hækkar stöðugt fram til ársins 2007, lækkar mikið á milli árunna 2007 og 2008 og hækkar lítillega aftur á milli árunna 2008 og 2009. Hlutfall þeirra sem telja sig hafa kunnáttu og þekkingu til að stofna fyrirtæki helst stöðugt. Ísland kemur almennt vel út úr samanburði varðandi viðhorf gagnvart frumkvöðlastarfsemi sem efnahagskreppan er talin líkleg til að hafa áhrif á. Þrátt fyrir lækkun á Íslandi á undanförunum árunum er hér enn hæst hlutfall þeirra sem koma auga á viðskiptatækifæri og þeirra sem telja oft sagt frá árangursríkum nýjum fyrirtækjum í fjölmiðlum. Hlutfall þeirra sem telja sig hafa kunnáttu og þekkingu til að stofna fyrirtæki er aðeins hærra í Bandaríkjunum, en hlutfall þeirra sem telja frumkvöðlastarfsemi vera góðan starfsvettvang er næst lægst af samanburðarlöndunum. Ísland rekur svo lestina hvað varðar að frumkvöðlar njóti mikillar virðingar og metorða.

Niðurstöður og ábendingar

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru eftirfarandi:

- Umfang frumkvöðlastarfsemi á Íslandi er mikið eins og undanfarin ár.
- Lítil breyting hefur orðið á samsetningu frumkvöðlastarfseminnar. Fleiri undirbúa en færri láta slag standa.
- Konur á Íslandi nýta ekki til jafns við karla þau tækifæri sem felast í frumkvöðlastarfsemi.
- Frumkvöðlar á Íslandi eru almennt eldri en frumkvöðlar í samanburðarlöndunum.
- Aukin menntun einstaklinga eykur líkur á að þeir stundi frumkvöðlastarfsemi, verkmenntun sérstaklega.
- Hluttur tekjuhærri einstaklinga hefur aukist í frumkvöðlastarfsemi á kostnað þeirra tekjulægrí.
- Hlutfall frumkvöðlastarfsemi í samgöngum og iðnaði er hátt og hefur aukið sinn hlut. Lág

hlutfall fyrirtækjaþjónustu bendir til minna vægis þekkingariðnaðar.

- Væntingar um atvinnu- og nýsköpun íslenskra frumkvöðla eru sem fyrr háar.
- Menningar- og samfélagslegar venjur eru helsti styrkur íslenska umhverfisins.
- Skortur á fjármagni er sem fyrr helsti veikleiki íslenska umhverfisins.
- Efnahagskreppan hefur ekki haft áhrif á umfang frumkvöðlastarfsemi.
- Áhrif efnahagskreppu gætir í því að frumkvöðlar telja að dregið hafi úr viðskiptatækifærum og mun erfiðara reynist að hefja starfsemi.
- Hlutfall þeirra sem hætt hafa starfsemi hefur nær tvöfaldast síðastliðin ár og á milli árunna 2008-2009 nær tvöfaldast hlutfall nauðsynjadrifinnar frumkvöðlastarfsemi.
- Viðhorf almennings til frumkvöðlastarfsemi batna stöðugt frá árinu 2002, en versna þó nokkuð á tímabilinu 2007-2009.

Á grundvelli niðurstaðnanna eru settar fram eftirfarandi ábendingar um hvernig megi bæta umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi og auka ávinning þjóðarinnar af henni:

- Óbreytt umfang frumkvöðlastarfsemi þrátt fyrir kreppu skapar sóknarfæri byggð á helstu styrkjum íslensk frumkvöðlaumhverfis.
- Auka möguleika þeirra hópa sem mælast með lága þátttöku í frumkvöðlastarfsemi, t.d. konur, yngri einstaklinga, einstaklinga með minni menntun og lægri tekjur.
- Auka fjármagn til frumkvöðlastarfsemi - oft þörf en nú nauðsyn.

ENGLISH SUMMARY

For the past 11 years entrepreneurial activity around the world has been tested in an extensive international research collaboration – the Global Entrepreneurship Monitor (GEM). Entrepreneurial activity in close to 50 countries has been examined annually in a harmonized manner and results have been published in an international report.

The national team of each participating country has also prepared a report which dives deeper into the results in each country. The Icelandic report is now published for the seventh time, but the Reykjavík University has been the Icelandic representative of the GEM-study in Iceland since 2002. The report has four main goals:

- To provide an overview of entrepreneurial activity in Iceland in 2009, its scope, character and environment.
- To compare entrepreneurial activity in Iceland in 2009 to the situation in recent years and selected comparison countries.
- To specifically investigate the effects of the economic crisis on entrepreneurial activity.
- To make suggestions for improvements in the entrepreneurship environment in Iceland and increase national benefits from it.

Entrepreneurial activity in Iceland 2009

In 2009, 7.6% of the population aged 18-64 years were nascent entrepreneurs and 4.2% owned new businesses younger than 42 months. A total of 11.4% of the population aged 18-64 years were engaged in early-stage entrepreneurial activity, or approximately 22 thousand people.

Icelanders aged 35-54 years are more likely than others in the population to engage in entrepreneurial activity, but nearly three-quarters of those engaged in it belong to that age group. Men are almost twice as likely as women and are about two-thirds of those who engage in entrepreneurial activity. Increased education increases the probability that individuals are engaged in entrepreneurial activity. The two major sectors that entrepreneurial activity falls in are industry and transport (36%) and consumer services (36%). Corporate services account for 20% and 8% fall in the

primary sector. Entrepreneurs are about three times more likely to be solely opportunity driven rather than being driven by necessity, in whole or in part.

Icelanders generally have considerable expectations about the benefits of their entrepreneurial activity. Only 13% do not expect the number of employees over the next five years to increase and 21% expect 20 or more employees in the next five years. Nearly one in four limit their market to Iceland, and 15% expect a majority share of their business to come from international markets. About half expects considerable competition and 82% of the technology and methods to have been used before. Entrepreneurs in Iceland are therefore mostly occupied with establishing a business with products and services that are already available in the market.

Public attitudes seem to be quite positive towards entrepreneurial activity. More than half of the nation considers entrepreneurship a good career choice. Approximately two-thirds believe successful entrepreneurs enjoy high status and almost three-quarters believe that the media often reports on new successful companies. More than a quarter of the nation believes they possess great entrepreneurial skills, almost half believe they have some entrepreneurial skills and a quarter small entrepreneurial skills.

Iceland receives a high score on national experts assessments on entrepreneurial framework conditions. Experts estimate lack of funding to be the main weakness of the entrepreneurship environment in Iceland. Venture capital is very scarce and limited access to venture capital limits innovative companies and companies with high growth potential.

Comparison with previous years

The scope of Icelandic entrepreneurial activity has

been fairly stable during the period 2002-2009. The differences in gender ratio has not changed, but the proportion of highly educated individuals has increased significantly between 2006 and 2008 at the expense of those who only have completed secondary education. Since 2004 there has been a steady reduction in the ratio of entrepreneurial activity by individual in the lowest income third, in 2009 and the ratio of that group was below 5%.

Between the years 2008-2009 the ratio of those who have participated in necessity-driven entrepreneurship has increased. Grouped by sector entrepreneurial activity has increased in the transport and industry sector at the expense of corporate and consumer services.

The period has seen significant changes in all three measures of attitudes toward entrepreneurship. All measures increased steadily until the year 2007, but 2008 and 2009 saw a considerable decrease. The ratio of those who perceive opportunities and capabilities increased until 2007, but decreased between 2008 and 2009.

Comparison with other countries

Icelandic entrepreneurial activity in 2009 was higher than in most other innovation-driven economies in the world. The ratio of nascent entrepreneurs was similar in the comparison countries but the ratio of new business ownership was particularly high in Iceland.

In this report Iceland is specifically compared to the innovation-driven economies as whole, other Nordic countries, the UK and the US. Some differences are between Iceland and the comparison countries in the characteristics of individual participation in entrepreneurial activity. Participation of women in entrepreneurship is low and the level of education is similar to the comparison countries. The largest difference is in age distribution, Iceland has a high ratio of the age groups 45-54 and 55-64 years and a low ratio of the age group 18-44 years. Income of entrepreneurs in Iceland is different from the comparison countries to the extent that the rate of the low income third is low and the mid income third is high. Iceland stands out somewhat in the sense that the ratio of entrepreneurial activities in the industry and transport sector is significantly higher than in the comparison countries. Furthermore, the ratio of corporate and consumer

services measures lower than in the comparison countries.

Expectations about job creation and innovation are higher in Iceland than in the comparison countries. The ratio of those who believe their entrepreneurial activity will create jobs for others are considerably higher in Iceland, but the difference increases even more when looking at job growth. The ratio of those who expect that the business will employ more than 20 individuals within five years is considerably higher than in the comparison countries. Icelandic expectations were also considerably higher considering market and technology novelty.

In the opinion of national experts the entrepreneurship environment in Iceland is strong compared to the comparison countries. Overall, the experts believe that more framework conditions in Iceland support entrepreneurial activity, than in the comparison countries. The greatest difference is the high grade Iceland receives regarding cultural and social practices and policies and tasks of the public sector. Rating for financial support, however, is the lowest of all comparison countries.

Entrepreneurship and economic crisis

The scope of entrepreneurial activity and expectations do not appear to change much due the economic crisis, but the discontinuation rate and necessity-driven entrepreneurship increases. The discontinuation rate decreased steadily until 2005, but increased again and almost doubled in the period 2005 to 2009. Necessity-driven entrepreneurship increases between 2005 and 2006, but decreased again until 2008, between the years 2008 and 2009 the ratio nearly doubled. Entrepreneurial activity and start-up intentions are highest in Iceland among the comparison countries. Only in the other Nordic countries is the discontinuation rate higher, this rate is almost twice that in the UK and the innovation-driven economies. Although the rate of necessity-driven entrepreneurship has risen sharply in Iceland in the last year it is still among the lowest among the comparison countries.

Overall, Icelandic entrepreneurs are quite optimistic despite the economic crisis, but most believe that start-up conditions have become more difficult since last year. About 80% of entrepreneurs think that it is more difficult to start-up now than a year ago. About 40% believe it is more difficult to grow now than a year

ago, and nearly half think the availability of business opportunities has dropped. Iceland is not different from the comparison countries in reduction of business opportunities and difficulties to grow. However, approximately 80% of Icelandic entrepreneurs think that the start-up conditions have become more difficult, compared to approximately 60% in the comparison countries.

The economic crisis generally appears to have a significant impact on public attitudes toward entrepreneurship. The ratio of those who see entrepreneurship as a good career choice, that think successful entrepreneurs receive high status and think media often reports on new successful businesses, declines somewhat during the period 2007 to 2009. The ratio of those who perceive opportunities increased steadily until 2007, decreased substantially in the years between 2007 and 2008 and increased slightly again between 2008 and 2009. The ratio of those who perceive capabilities remains stable. Despite the recent decline in attitudes toward entrepreneurship in Iceland, the ratio of those who perceive opportunities and media attention is still highest. The ratio of entrepreneurs who perceive capabilities is still highest in the U.S., but the ratio perceiving that entrepreneurship is a good career choice is the second lowest in Iceland. Iceland receives the lowest score regarding that successful entrepreneurs receive high status.

Results and suggestions

The main findings of the report are the following:

- The scope of entrepreneurial activity in Iceland is high like in previous years.
- The scope of nascent entrepreneurship remains high but has decreased as a ratio of new businesses.
- Women in Iceland do not utilize entrepreneurial opportunities to the same extent as men.
- Icelandic entrepreneurs are generally older than entrepreneur in the comparison countries.
- Education increases the likelihood of entrepreneurial activity.
- The ratio of individuals with higher income has increased at the cost of lower income individuals.
- The ratio of entrepreneurship in the transport and industry sector is high and has increased.
- Expectations for employment and innovation of Icelandic entrepreneurs remain high.

- Cultural and social norms remain the main strengths of the Icelandic entrepreneurship environment.
- Lack of funding remains the main weakness of the Icelandic entrepreneurship environment.
- The economic crisis has not affected the scope of entrepreneurship in Iceland.
- During the crisis entrepreneurs believe there are less business opportunities and it is more difficult to start-up.
- The discontinuation rate and necessity-driven entrepreneurship has nearly doubled over the past years.
- Positive public attitudes toward entrepreneurship had increased steadily since 2002, but deteriorate somewhat over the period 2007-2009.

Based on the results the following suggestions are made on how to improve the entrepreneurship environment in Iceland and improve the national benefits of entrepreneurial activity:

- The scope of entrepreneurial activity is stable despite the economic crisis - opportunity to further develop the core strengths of the Icelandic entrepreneurial environment.
- Support entrepreneurial prospects of specific groups that measure low in entrepreneurial activity, i.e. women, younger age groups, individuals with lower education and lower income.
- Increase entrepreneur access to venture capital.

1. INNGANGUR

Stjórnvöld víða um heim leggja mikla áherslu á að efla frumkvöðlastarfsemi í löndum sínum. Frumkvöðlastarfsemi er mikilvægur vettvangur fyrir nýsköpun og gegnir að auki veigamiklu hlutverki við atvinnusköpun. Þannig skapar frumkvöðlastarfsemi drifkraft breytinga sem eru forsenda hagvaxtar og aukinnar velferðar.

Á hverju ári er frumkvöðlastarfsemi könnuð á samræmdan hátt í fjölmörgum löndum á vegum Global Entrepreneurship Monitor (GEM) rannsóknarsamstarfsins. Í kjölfar þess er árlega gefin út alþjóðleg skýrsla þar sem gerður er samanburður á niðurstöðum rannsóknarinnar milli þáttökulandanna. Til viðbótar við alþjóðlegu GEM -skýrsluna er unnin sérstök skýrsla í hverju landi en þar eru birtar nánari niðurstöður rannsóknarinnar í því landi. Íslenska skýrslan kemur nú út í sjöunda sinn en Háskólinn í Reykjavík (HR) hefur borið veg og vanda af GEM -rannsókninni hér á landi frá árinu 2002.

Markmiðin með útgáfu skýrslunnar eru eftirfarandi:

- Að gefa yfirlit yfir frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009, umfang hennar, einkenni og umhverfi.
- Að bera frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009 saman við frumkvöðlastarfsemi undanfarinna ára og við frumkvöðlastarfsemi í völdum samanburðarlöndum.

- Að koma með ábendingar hvernig bæta megi umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi og auka ávinning þjóðarinnar af henni.
- Að kanna sérstaklega hvort efnahagskreppan hafi haft áhrif á frumkvöðlastarfsemi.

Í næsta kafla er fjallað um á hvaða grunni GEM -rannsóknin hvílir og hvernig hún er framkvæmd. Í 3. kafla er fjallað um umfang, einkenni og umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009. Í 4. kafla er frumkvöðlastarfsemi hér á landi árið 2009 borin saman við frumkvöðlastarfsemi fyrri ára. Í 5. kafla er gerður samanburður á frumkvöðlastarfsemi hér á landi og í sérstaklega völdum samanburðarlöndum fyrir árið 2009. Í 6. kafla er gerð grein fyrir áhrifum efnahagskreppunnar á frumkvöðlastarfsemi, en þeim hluta var sérstaklega bætt við rannsóknina fyrir 2009. Í lokakafla skýrslunnar, 7. kafla, eru helstu niðurstöður dregnar saman og settar fram ábendingar til stjórnvalda um hvernig megi halda áfram að bæta umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi.

2. UPPBYGGING GEM-RANNSÓKNARINNAR

GEM -rannsóknin er eina rannsóknin þar sem safnað er áreiðanlegum og samræmdum gögnum um frumkvöðlastarfsemi um allan heim. Í GEM -rannsókninni er frumkvöðlastarfsemi skilgreind sem starfsemi sem ætlað er að koma á fót nýrri viðskiptastarfsemi, hvort heldur sem er með stofnun fyrirtækis eða með því að hefja sjálfstæða atvinnustarfsemi á einhvern annan hátt.

Upplýsingum er safnað um hversu margir einstaklingar taka þátt í frumkvöðlastarfsemi í hverju landi (umfang), hvað einkennir frumkvöðlastarfsemi í hverju landi og við hvaða aðstæður hún býr (umhverfi). Gögnum er safnað með spurningakönnun meðal almennings og með aðstoð sérfræðinga.

Í þessum kafla er fjallað um uppbyggingu GEM -rannsóknarinnar. Fjallað er um uppruna rannsóknarinnar, þá þætti frumkvöðlastarfseminnar sem leitast er við að meta, forsendur sem gengið er út frá og hvernig staðið er að gagnasöfnun. Í þessum kafla er útskýrður sá grunnur sem skýrslan og niðurstöður hennar byggja á.

BAKGRUNNUR

Global Entrepreneurship Monitor (GEM) er alþjóðlegt rannsóknarverkefni sem hefur undanfarin áratug unnið að einni umfangsmestu rannsókn á frumkvöðlastarfsemi í heiminum. Með tilkomu GEM -verkefnisins var í fyrsta skipti aflað samanburðarhæfra gagna um frumkvöðlastarfsemi víðsvegar að úr heiminum.

Forsagan að verkefninu er sú að árið 1997 ákváðu London Business School og Babson College að leiða saman helstu sérfræðinga heims á sviði frumkvöðlastarfsemi til að rannsaka hið flókna samband frumkvöðlastarfsemi og hagvaxtar. Í kjölfarið var sett á fót alþjóðlegt rannsóknarverkefni til þess að mæla og bera saman umfang, eðli og umhverfi frumkvöðlastarfsemi í löndum heimsins með það fyrir augum að aðstoða stjórnvöld í hverju landi við að auka þjóðhagslegan ávinning af frumkvöðlastarfsemi með markvissum aðgerðum.

Frá upphafi var gert ráð fyrir að rannsóknin yrði alþjóðleg langtímarannsókn þar sem þátttökulöndum fjölgaði með hverju ári. Fyrsta GEM -rannsóknin var

gerð árið 1999 í 10 löndum. Í ár byggja niðurstöðurnar á gögnum frá 54 löndum. Íslandi var boðin þátttaka árið 2002 og var þessi rannsókn því gerð í áttunda skipti hér á landi árið 2009. Í töflu 1 gefur að líta þau lönd sem tóku þátt í rannsókninni árið 2009.

Tafla 1 - Þátttökulönd árið 2009

	Lönd
Evrópa	Belgía, Bosnía og Hersegóvína, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ísland, Ítalía, Króatía, Lettland, Noregur, Rúmenía, Rússland, Serbía, Slóvenía, Spánn, Sviss, Ungverjaland, Þýskaland
Ameríka	Argentína, Bandaríkin, Brasilía, Chile, Dóminíska lýðveldið, Ekvador, Gvatemala, Jamaíka, Kólumbía, Panama, Perú, Úrúgvæ
Afríka	Alsír, Suður Afríka, Tonga, Túnis, Marokkó, Úganda, Venesúela
Asía og Eyjaálfa	Hong Kong, Íran, Ísrael, Japan, Jemen, Jórdanía, Kína, Kórea, Líbanon, Malasía, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Sádi Arabía, Sýrland, Vestur bakkinn & Gasa svæðið

FORSENDUR

Í GEM -rannsókninni er árlega lagt mat á þrjá meginþætti í frumkvöðlastarfsemi sérhvers lands:

- Umfang: Hversu mikil er frumkvöðlastarfsemin?



Mynd 1 - Ferlið við að koma á fót nýrri viðskiptastarfsemi

- Einkenni: Hvað einkennir frumkvöðlastarfsemina?
- Umhverfi: Við hvaða aðstæður býr frumkvöðlastarfsemin?

Til þess að geta metið þessa þætti þarf að ganga út frá ákveðnum forsendum um hvað telst til frumkvöðlastarfsemi, hvaða einkenni séu áhugaverð og hvaða þættir umhverfisins hafa áhrif á umfang og eðli frumkvöðlastarfsemi.

FRUMKVÖÐLASTARFSEMI

Í GEM -rannsókninni er frumkvöðlastarfsemi skilgreind sem starfsemi sem miðar að því að koma á fót nýrri viðskiptastarfsemi, hvort heldur sem er með stofnun fyrirtækis eða með því að hefja sjálfstæða atvinnustarfsemi á einhvern annan hátt. Litið er svo á að skipta megi ferlinu við að koma á fót nýrri viðskiptastarfsemi í fjóra hluta (sjá mynd 1).

Til fyrsta hluta teljast þeir einstaklingar sem hafa áhuga á því að koma á fót nýrri viðskiptastarfsemi en vinna ekki marktvisst að því. Þeir hafa því ekki hafið frumkvöðlastarfsemi en eru líklegir til þess í framtíðinni.

Til annars hluta teljast þeir sem undirbúa nýja viðskiptastarfsemi, t.d. með upplýsingaöflun, útvegun húsnæðis, gerð viðskiptaáætlunar o.þ.h. Þeir teljast því stunda frumkvöðlastarfsemi þrátt fyrir að viðskiptastarfsemin sé ekki hafin.

Til þriðja hluta teljast þeir sem hafa stofnað til nýrrar viðskiptastarfsemi á síðustu 42 mánuðum, hvort heldur er á eigin vegum eða á vegum atvinnurekenda sinna. Rannsóknir hafa sýnt að lífslíkur nýrra fyrirtækja aukast umtalsvert ef þau lifa af fyrstu fjögur til fimm árin. Þess vegna voru fyrstu 42 mánuðirnir (3,5 ár) valdir heppileg tímamörk fyrir þennan mótunartíma starfseminnar þar sem brugðið getur til beggja vona. Þessir einstaklingar teljast því stunda frumkvöðlastarfsemi.

Til fjórða hluta teljast þeir sem eiga hlut í og taka þátt í að stýra viðskiptastarfsemi sem hefur verið stunduð í meira en 42 mánuði. Þessir aðilar stýra viðskiptastarfsemi sem þegar hefur verið komið á fót og teljast því ekki stunda frumkvöðlastarfsemi.

Umfang frumkvöðlastarfsemi í hverju landi (Total Entrepreneurial Activity, TEA) er því skilgreint sem hlutfall þeirra einstaklinga sem annaðhvort vinna að undirbúningi á nýrri viðskiptastarfsemi eða hafa stofnað til hennar á síðustu 42 mánuðum. Þeir sem eru bæði með viðskiptastarfsemi í undirbúningi og nýlega starfsemi eru aðeins taldir einu sinni í TEA. Til einföldunar eru þeir sem stunda frumkvöðlastarfsemi kallaðir frumkvöðlar.

EINKENNI FRUMKVÖÐLASTARFSEMI

Þegar skoðuð eru einkenni frumkvöðlastarfsemi er lögð áhersla á tvo þætti. Í fyrsta lagi er lögð áhersla á að greina þátttöku einstakra þjóðfélags hópa í frumkvöðlastarfsemi. Skoðuð er þátttaka eftir aldri, kyni, menntun og tekjum. Í öðru lagi er reynt að meta möguleg efnahagsleg áhrif af frumkvöðlastarfseminni, bæði hjá einstökum fyrirtækjum og í heild. Mismunandi áhrif ráðast af þeirri nýsköpun eða atvinnusköpun sem á sér stað, auk þess sem færni til þess að byggja upp nýja viðskiptastarfsemi skiptir miklu máli til þess að áhrifin nái fram að ganga.

Eftir því sem nýsköpun er meiri hefur ný viðskiptastarfsemi meiri áhrif á uppbyggingu og þróun hagkerfisins. Byltingarkennd nýsköpun getur leitt til þess að eldri vörur verða úreltar og kippt stöðunum undan fyrirtækjum sem hafa verið starfandi á markaðinum. Slíkar breytingar geta líka skapað nýjar atvinnugreinar sem viðbót við aðrar eða á kostnað þeirra. Eftir því sem atvinnusköpun er meiri hefur ný viðskiptastarfsemi meiri áhrif á vöxt hagkerfisins. Atvinnusköpun leiðir

til aukinnar verðmætasköpunar hjá viðskiptavinum og hagnaðar hjá fjárfestum.

Síðast en ekki síst skiptir færni einstaklinga til þess að sjá viðskiptatækifæri og byggja upp árangursríka viðskiptastarfsemi miklu máli til þess að nýta þá möguleika sem felast í frumkvöðlastarfsemi. Minni færni eykur líkurnar á því að tíma og fjármunum sé varið í starfsemi sem ekki á framtíðina fyrir sér eða að góð tækifæri séu ekki nýtt.


Þau einkenni frumkvöðlastarfsemi sem lögð er mest áhersla á í GEM -rannsókninni eru væntingar um nýsköpun og atvinnusköpun. Auk þess er safnað upplýsingum um eðli viðskiptastarfseminnar og færni þeirra einstaklinga sem að henni standa.

UMHVERFI

Í GEM -rannsóknarverkefninu hefur verið sett upp svokallað GEM -líkan til þess að skilgreina hvaða þættir í umhverfinu eru taldir hafa áhrif á aðstæður til frumkvöðlastarfsemi (sjá mynd 2).

Í grundvallaratriðum er gert ráð fyrir almennum þáttum sem hafa áhrif á aðstæður fyrirtækja og annarrar atvinnustarfsemi en auk þess ný grunnskilyrðum sem talin eru hafa sérstaka þýðingu fyrir frumkvöðlastarfsemi.

- **Fjármagnsstuðningur.** Aðgangur að fjármagni fyrir ný og vaxandi fyrirtæki, hvort sem um er að ræða styrki, hlutafé eða lán.
- **Stefna hins opinbera.** Hversu letjandi, hlutlaus eða hvetjandi stefna og reglur hins opinbera eru gagnvart nýjum og vaxandi fyrirtækjum.
- **Verkefni á vegum hins opinbera.** Umfang og skilvirkni verkefna til að aðstoða ný og vaxandi fyrirtæki.
- **Menntun og þjálfun.** Umfang og gæði frumkvöðlamenntunar innan skóla- og símenntunarkerfisins.
- **Útbreiðsla rannsóknar- og þróunarstarfs (R&P).** Umfang viðskiptatækifæra sem spretta upp innan vísinda- og rannsóknarsamfélagsins og aðgengi nýrra og vaxandi fyrirtækja að þeim.



Mynd 2 - GEM-líkanið

- **Grunnstoðir viðskiptalífsins.** Aðgangur að viðskiptaþjónustu, t.d. rekstrarráðgjöf, endurskoðun og lögfræðiþjónustu, og annarra stofnana sem virka hvetjandi á stofnun nýrra og vaxandi fyrirtækja.
- **Inngöngu- og samkeppnisaðstæður.** Að hve miklu eða litlu leyti er komið í veg fyrir að ný og vaxandi fyrirtæki keppi við eða slái út starfandi fyrirtæki.
- **Aðgangur að grunnaðstöðu.** Aðgangur nýrra og vaxandi fyrirtækja að samskiptaleiðum, samgönguneti, húsnæði, rafmagni og annarri grunnaðstöðu.
- **Menningarlegar og samfélagslegar venjur.** Hversu letjandi, hlutlausar eða hvetjandi menningar- og samfélagslegar venjur eru gagnvart frumkvöðlastarfsemi.

GAGNASÖFNUN

Samanburðarhæfra gagna til þess að meta umfang, einkenni og umhverfi frumkvöðlastarfsemi í hverju landi er aflað á fjóra vegu:

- Með spurningakönnun meðal fólks á aldrinum 18-64 ára af öllu landinu
- Með viðtölum við sérfræðinga (ekki gert á Íslandi árið 2009)
- Með spurningalista sem lagður er fyrir sérfræðinga
- Með gögnum frá alþjóðastofnunum, t.d. Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD)

Spurningakönnun meðal almennings

Meginmarkmið spurningakönnunarinnar er að mæla umfang frumkvöðlastarfseminnar, einkenni hennar og viðhorf og hæfni almennings til frumkvöðlastarfsemi.

Í hverju þáttökulandi er valið af handahófi úrtak fólks á aldrinum 18-64 ára og lagður fyrir það staðlaður spurningalisti. Fjöldi svarenda í þáttökulöndunum var allt frá því að vera 1.184 manns upp í 30.003 manns. Á Íslandi var spurningakönnunin gerð með símakönnun og svör fengust frá 2.005 einstaklingum í tilviljunarúrtaki af landinu öllu. Gallup framkvæmdi símakönnunina í júní og fyrri hluta júlí 2009.

Spurningakönnun meðal sérfræðinga

Árin 2002 og 2003 voru tekin viðtöl við alls 55 einstaklinga sem teljast sérfræðingar um frumkvöðlastarfsemi á Íslandi. Auk þess svöruðu þeir allir stöðluðum spurningalista. Árið 2009 voru engin viðtöl tekin en öllum sérfræðingunum frá árunum áður sendur spurningalistinn. Alls bárust svör frá 36 sérfræðingum.

Gögn frá alþjóðlegum stofnunum

Samræmdra gagna fyrir öll þáttökulöndin var aflað frá alþjóðlegum stofnunum. Samhæfingarhópurinn í London hafði veg og vanda af gagnasöfnuninni en gögnin komu meðal annars frá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD), Sameinuðu þjóðunum (SP), Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) og International Institute for Management Development (IMD).

3. FRUMKVÖÐLASTARFSEMI Á ÍSLANDI 2009

Árið 2009 stunduðu 11,4% þjóðarinnar frumkvöðlastarfsemi. Alls undirbjuggu 7,6% landsmanna nýja viðskiptastarfsemi en 4,2% hófu viðskiptastarfsemi á síðustu 42 mánuðum.

Íslendingar á aldrinum 35-54 ára eru líklegri en aðrir landsmenn til að stunda frumkvöðlastarfsemi og karlar eru tæplega tvöfalt líklegri en konur. Líkur á því að einstaklingar stundi frumkvöðlastarfsemi aukast með meiri menntun og frumkvöðlar skipa sér nær eingöngu í tvo tekjuhærrí þriðjungana. Íslendingar gera sér almennt talsverðar vonir um ávinning af frumkvöðlastarfsemi, en frumkvöðlastarfsemi hér á landi snýst í flestum tilvikum um að koma á fót viðskiptastarfsemi á í töluverðri samkeppni við þá sem þar eru fyrir. Viðhorf almennings virðast vera nokkuð jákvæð í garð frumkvöðlastarfsemi. Mati innlendra sérfræðinga á grunnskilyrðum í umhverfinu styðja flest frumkvöðlastarfsemi.

Sérfræðingar meta fjármögnun sem mesta veikleikann í umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi.

Þessi kafli fjallar um frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009. Markmiðið er að gefa yfirsýn um umfang, einkenni og umhverfi frumkvöðlastarfseminnar. Í kafla 4 er gerður samanburður við fyrri ár og í kafla 5 við önnur lönd.


UMFANG

Alls tóku 11,4% Íslendinga á aldursbilinu 18-64 ára þátt í frumkvöðlastarfsemi árið 2009. Það jafngildir því að níundi hver landsmaður hafi unnið að stofnun nýrrar viðskiptastarfsemi (sjá mynd 3).

Árið 2009 voru þeir sem tóku þátt í undirbúningi umtalsvert fleiri en þeir sem höfðu nýlega hafið starfsemi. Um 7,6% landsmanna (einn af hverjum þrettán) á aldrinum 18-64 ára tóku þátt í að undirbúa nýja viðskiptastarfsemi, t.d. með því að vinna að viðskiptaáætlun eða koma sér upp húsnæði og tækjabúnaði, á meðan 4,2% (einn af hverjum 24) höfðu nýlega hafið starfsemi.

Að teknu tilliti til skekkjumarka má áætla að um 19-25 þúsund Íslendingar á aldursbilinu 18-64 ára hafi stundað frumkvöðlastarfsemi árið 2009 en þar af hafi á bilinu 13-18 þúsund unnið að undirbúningi stofnunar nýrrar viðskiptastarfsemi og 6-10 þúsund hafið starfsemi á síðustu 42 mánuðum áður en könnunin var gerð.

Mynd 3 - Umfang frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009, með skekkjumörkum



Árið 2009 töldu 20% þjóðarinnar á aldrinum 18-64 ára líklegt að þau stofnuðu til nýrrar viðskiptastarfsemi innan þriggja ára án þess þó að hafa hafið undirbúning þess. Samtímis mældust 8,9% vinna við stjórnun eigin fyrirtækja sem voru orðin eldri en 42 mánaða. Því má segja að um 35-42 þúsund landsmenn telji líklegt að þeir hefji frumkvöðlastarfsemi innan þriggja ára og að 14-20 þúsund vinni við stjórnun eigin fyrirtækja sem slitið hafa barnskónum.

EINKENNI

Um einkenni frumkvöðlastarfsemi á Íslandi verður fjallað í eftirfarandi þremur hlutum:

- Í fyrsta lagi verður fjallað um þátttöku einstakra þjóðfélagshópa, m.t.t. aldurs, kyns, menntunar og tekna.
- Í öðru lagi verður fjallað um tilefni og eðli starfseminnar.
- Í þriðja lagi verður fjallað um atvinnu- og nýsköpun.

Þátttaka einstakra þjóðfélagshópa

Í töflu 2 eru birtar niðurstöður um þátttöku landsmanna í frumkvöðlastarfsemi eftir aldri. Þar sést að fólk á aldrinum 35-54 ára myndar fjölmennasta aldurshópinn, en fólk á þessum aldri er sömuleiðis líklegra en annað fólk til þess að stunda frumkvöðlastarfsemi. Líkur á því að fólk taki þátt í frumkvöðlastarfsemi eru mestar á aldursbilinu 35-54 ára en minni bæði fyrir eldri og yngri fólk.

Tafla 2 - Þátttaka í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009 eftir aldri

	Hlutfall frumkvöðla	Hlutfall sem frumkvöðlar
18-24 ára	9%	7%
25-34 ára	21%	10%
35-44 ára	27%	14%
45-54 ára	26%	14%
55-64 ára	17%	11%
Alls (n=199)	100%	

Tafla 3 skýrir þátttöku íslenskra kvenna í frumkvöðlastarfsemi árið 2009. Konur mynda rúman þriðjung þeirra sem taka þátt í frumkvöðlastarfsemi hér á landi. Einnig má sjá að karlmenn eru tæplega tvöfalt líklegri til þess að taka þátt í frumkvöðlastarfsemi en konur þar sem um 15% karla stunduðu frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009 en um 8% íslenskra kvenna.

Tafla 3 - Þátttaka í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009 eftir kyni

	Hlutfall frumkvöðla	Hlutfall sem frumkvöðlar
Karlar	66%	15%
Konur	34%	8%
Alls (n=199)	100%	

Frá upphafi rannsóknarinnar hefur menntun aðeins verið flokkuð í þessa þrjá flokka (tafla 4) til að einfalda samanburð við önnur lönd. Hér sést að frumkvöðlastarfsemi er meiri meðal langskólagenginna en einstaklinga sem ekki hafa lokið framhaldsskólaprófi.

Tafla 4 - Þátttaka í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009 eftir menntun

	Hlutfall frumkvöðla	Hlutfall sem frumkvöðlar
Ekki framhaldsskólapróf	31%	8%
Framhaldsskólapróf	34%	14%
Háskólapróf	35%	12%
Alls (n=199)	100,0%	

Í ár var menntun íslenskra frumkvöðla í fyrsta skipti flokkuð nánar. Í töflu 5 koma með greinilegri hætti í ljós tengsl á milli menntunar og frumkvöðlastarfsemi. Líkur á því að einstaklingar stundi frumkvöðlastarfsemi eykst með aukinni menntun. Líkurnar eru minnstar hjá þeim einstaklingum sem hafa lokið grunnskólaprófi og mestar hjá þeim sem lokið hafa doktorsprófi. Undantekningu á þessu sambandi er að finna hjá þeim sem lokið hafa verknámi, en þeir er næstum því tvöfalt líklegri en þeir sem hafa lokið bóklegu framhaldshaldsskólaprófi. Samanburður háskólamenntaðra leiðir í ljós að líkur á frumkvöðlastarfsemi eykst með aukinni menntun.

Tafla 5 - Þátttaka í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009 eftir menntun, nánari flokkun

	Hlutfall frumkvöðla	Hlutfall sem frumkvöðlar
Grunnskólapróf	21%	8%
Framhaldsskólapróf	11%	10%
Verknám	28%	17%
Háskólapróf (fyrsta gráða)	25%	11%
Háskólapróf (framhaldsgráða)	12%	14%
Doktorspróf	3%	28%
Alls (n=199)	100,0%	

Í töflu 6 kemur fram að frumkvöðlar skipa sér nær eingöngu í tvo tekjuhærrí þriðjungana. Frumkvöðlar eru um tvisvar sinnum líklegri til að tilheyra hvorum þessum tekjuhærrí þriðjunga heldur en tekjulægsta þriðjungnum.

Tafla 6 - Þátttaka í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009 eftir tekjum

	Hlutfall frumkvöðla	Hlutfall sem frumkvöðlar
Lágtekjur	5%	6%
Miðtekjur	46%	12%
Hátekjur	49%	13%
Alls (n=176)	100%	

Tilfni og eðli starfseminnar

Í þessum hluta er fjallað um tilfni frumkvöðlastarfseminnar, eftir því hvort hún er drifin áfram af tækifærum eða nauðsyn og hún flokkuð eftir atvinnugreinum. Í töflu 7 má sjá að bæði þeir sem undirbúa starfsemi og einnig þeir sem nýlega hafa hafið starfsemi eru næstum þrisvar sinnum líklegri til að láta einungis viðskiptatækifærin ráða ferðinni frekar en að vera drifnir áfram af nauðsyn, að öllu leyti eða hluta.

Tafla 7 - Frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009 eftir tilfni starfsemi

	Í undirbúningi	Nýleg starfsemi
Einungis tækifæri	70%	74%
Hluta til tækifæri	19%	17%
Einungis nauðsyn	11%	9%
Alls (n=186)	100%	

Í töflu 8 hefur frumkvöðlastarfsemi hér á landi verið skipt eftir atvinnugreinum. Tvær stærstu atvinnugreinarnar eru iðnaður og samgöngur (36%) og neytendapjónusta (36%), en rúmlega þriðjungur frumkvöðlastarfsemi tilheyrir hvorum flokki. Þá telst um fimmtungur frumkvöðlastarfsemi (20%) til fyrirtækjapjónustu og um 8% flokkast innan frumatvinnugreina.

Tafla 8- Frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009 eftir atvinnugreinum

Atvinnugreinar	Hlutfall frumkvöðla
Frumatvinnugreinar	8%
Iðnaður og samgöngur	36%
Fyrirtækjapjónusta	20%
Neytendapjónusta	36%
Alls (n=199)	100%

Atvinnu- og nýsköpun

Ekki hefja allir frumkvöðlastarfsemi með von um fjárhagslegan ávinning. Í rannsóknum hefur komið fram að algengustu ástæður þess að fólk hefur slíka starfsemi er von um sjálfstæði í starfi eða möguleikinn á því að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Þegar stjórnvöld hyggjast styðja við frumkvöðlastarfsemi er þó gjarnan litið til þess efnahagslega ávinnings sem af starfseminni getur hlotist til lengri eða skemmri tíma. Þá hefur sú atvinnusköpun sem fylgir frumkvöðlastarfseminni sitt að segja, sem og nýsköpun hennar.

Tafla 9 - Væntingar frumkvöðla árið 2009 til fjölgunar starfsmanna næstu fimm árin

Fjöldi starfsmanna aðrir en eigendur eftir fimm ár	Hlutfall frumkvöðla
Enginn	13%
1-5	41%
6-19	25%
20 eða fleiri	21%
Alls (n=169)	100%

Tafla 9 sýnir ólíkar væntingar til atvinnusköpunar að fimm árum liðnum. Um 13% gera aðeins ráð fyrir störfum fyrir eigendur eftir fimm ár og í rúmlega 40% tilfella er gert ráð fyrir fimm störfum eða færri. Um 25% gera ráð fyrir 6-13 störfum og í 21% tilvika er reiknað með 20 störfum eða fleiri. Tæplega 90% frumkvöðla geri ráð fyrir einhverri fjölgun starfsfólks eftir fimm ár.

Tafla 10 - Væntingar frumkvöðla á Íslandi um útrás árið 2009

Útrás	Hlutfall frumkvöðla
Enginn viðskiptavinur	25%
1-24%	48%
25-74%	12%
75-100%	15%
Alls (n=187)	100%

Tafla 10 sýnir að tæplega einn af hverjum fjórum takmarkar markaðssvæði sitt við Ísland, en nær helmingur væntir þess að minna en fjórðungur viðskiptavina verði erlendir. Um 12% frumkvöðla vænta þess að erlend viðskipti nemi nær helmingi, en 15% vænta að mikill meirihluti viðskipta sinna verði á erlendum markaði.

Nýsköpun hefur mikið að segja um þjóðhagslegan ávinning af frumkvöðlastarfsemi. Nýsköpun getur verið grundvöllurinn að þeim beina efnahagslega ávinningi sem frumkvöðlastarfsemin skapar, t.d. með atvinnusköpun og ávöxtun til hluthafa, en áhrifin geta einnig verið óbein. Þannig getur nýsköpun haft jákvæð áhrif á efnahagslífið án þess að þeir sem standa fyrir henni njóti ávaxtanna af henni. Þess vegna er áhugavert að skoða hversu nýskapandi frumkvöðlastarfsemin var á Íslandi árið 2009.

Einn margra mælikvarða á nýsköpun er hversu mikil samkeppni er um vörur og þjónustu sem settar eru á markað. Ef nýsköpun er mikil er samkeppnin oft lítil. Í töflu 11 má sjá að rúmlega fimmjungur frumkvöðla hér á landi (21%) telur að samkeppni við sambærilegar vörur sé engin en tæpur helmingur þeirra (44%) lífur svo á að samkeppni sé mikil. Um 35% frumkvöðla metur samkeppni við sambærilegar vörur einhverja. Gera má því ráð fyrir að í 21% tilfella sé um að ræða mjög nýskapandi starfsemi og í 56% tilfella sé um einhverja nýsköpun að ræða.

Tafla 11 - Væntingar frumkvöðla á Íslandi um samkeppni árið 2009

Samkeppni	Hlutfall frumkvöðla
Mikil	44%
Einhver	35%
Engin	21%
Alls (n=199)	100%

Annar mælikvarði á nýsköpun er markaðslegt nýnæmi nýrrar vöru og þjónustu. Því meira nýnæmi þeim mun meiri er nýsköpunin. Af töflu 12 má sjá að um 17% frumkvöðla vænta þess að markaðslegt nýnæmi sé mikið en rúmlega helmingur þeirra (51%) þjóða upp á vörur og þjónustu sem þegar eru í boði á markaðnum og hafa því ekkert markaðslegt nýnæmi.

Tafla 12 - Væntingar frumkvöðla á Íslandi um markaðslegt nýnæmi árið 2009

Markaðslegt nýnæmi	Hlutfall frumkvöðla
Mikið	17%
Eitthvert	32%
Ekkert	51%
Alls (n=199)	100%

Þriðji mælikvarðinn á nýsköpun er tæknilegt nýnæmi, þ.e.a.s. ný tækni eða nýjar aðferðir sem vörur og þjónusta byggja á. Í töflu 13 kemur fram að í 18% tilvika er um að ræða vörur eða þjónustu sem byggja á tækni og aðferðum sem ekki voru tiltækar ári áður en könnunin var lögð fyrir en langstærstur hluti byggir á þekkttri og aðgengilegri tækni.

Tafla 13 - Væntingar frumkvöðla á Íslandi um tæknilegt nýnæmi árið 2009

Tæknilegt nýnæmi	Hlutfall frumkvöðla
Tækni og aðferðir tiltækar fyrir ári síðan	82%
Tækni og aðferðir EKKI tiltækar fyrir ári síðan	18%
Alls (n=199)	100%

Af ofangreindum mælikvörðum má ætla að um fjórðungur af frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009 geti talist nýskapandi. Því má segja að frumkvöðlastarf á Íslandi miði fyrst og fremst að því að hefja viðskiptastarfsemi með vörur og þjónustu sem þegar eru í boði á markaðnum og taka þátt í samkeppni við þá sem á undan komu.

UMHVERFI

Líkt og áður segir er í GEM-rannsókninni stuðst við ákveðið líkan þar sem stillt hefur verið upp grunnskilyrðum í umhverfinu sem gert er ráð fyrir að hafi ýmist hvetjandi eða letjandi áhrif á frumkvöðlastarfsemi í hverju landi. GEM-líkanið felur í sér 9 slík grunnskilyrði sem lýst var í kafla 2. Hér verður

farið yfir þessi grunnskilyrði á Íslandi fyrir árið 2009 eins og þau birtast sérfræðingum. Áður en að því kemur verður þó stuttlega fjallað um viðhorf almennings hér á landi til frumkvöðlastarfsemi og mat á eigin frumkvöðlafærni.

Viðhorf almennings til frumkvöðlastarfsemi

Þeir sem tóku þátt í símakönnuninni voru beðnir um að taka afstöðu til þess hvort þeir væru sammála eða ósammála eftirfarandi þremur fullyrðingum:

- Flestir Íslendingar telja stofnun fyrirtækja eftirsóknarverðan starfsvettvang.
- Þeim Íslendingum sem tekst á árangursríkan hátt að stofna fyrirtæki njóta mikillar virðingar og metorða á Íslandi.
- Á Íslandi er oft sagt frá árangursríkum nýjum fyrirtækjum í fjölmiðlum.

Í töflu 14 sést að viðhorf almennings til frumkvöðlastarfsemi er frekar jákvætt en meirihluti þeirra sem spurðir voru sögðust sammála fullyrðingunum þremur. Flestir, eða um 72% landsmanna, segjast sammála því að á Íslandi sé oft sagt frá árangursríkum nýjum fyrirtækjum í fjölmiðlum.

Tafla 14 - Viðhorf almennings á Íslandi til frumkvöðlastarfsemi árið 2009

	Hlutfall þjóðarinnar 18-64 ára sem svarar játandi
Flestir Íslendingar telja stofnun fyrirtækja eftirsóknarverðan starfsvettvang (n=734)	51%
Þeim Íslendingum sem tekst á árangursríkan hátt að stofna fyrirtæki, þeir njóta mikillar virðingar og metorða á Íslandi (n=732)	62%
Á Íslandi er oft sagt frá árangursríkum nýjum fyrirtækjum í fjölmiðlum (n=811)	72%

Mat almennings á eigin frumkvöðlafærni

Þegar byggja á upp árangursríka viðskiptastarfsemi er ýmis konar færni mikilvæg, t.d. færni í að greina viðskiptatækifæri og stofna fyrirtæki.

Tafla 15 sýnir frumkvöðlafærni á tveimur sviðum árið 2009. Tæplega þriðjungur Íslendinga (28%) telur sig hafa þekkingu og reynslu bæði til að meta viðskiptatækifæri og til að stofna fyrirtæki. Tæplega helmingur (48%) telur sig hafa þekkingu og reynslu á öðru sviðinu og fjórðungur landsmanna telur sig hafa þekkingu og reynslu á hvorugu sviðinu. Af þessu mætti draga þá ályktun að sá hópur landsmanna (28%) sem telja sig búa yfir frumkvöðlafærni séu líklegri til að hefja frumkvöðlastarfsemi en hinir.

Tafla 15 - Frumkvöðlafærni á Íslandi 2009

	Hlutfall þjóðarinnar 18-64 ára
Viðkomandi telur sig hafa þekkingu og reynslu til þess að meta viðskiptatækifæri OG til að stofna fyrirtæki	28%
Viðkomandi telur sig ANNAÐ HVORT hafa þekkingu og reynslu til þess að meta viðskiptatækifæri EÐA til að stofna fyrirtæki	47%
Viðkomandi telur sig HVORKI hafa þekkingu eða reynslu til þess að meta viðskiptatækifæri NÉ til að stofna fyrirtæki	25%
	Alls (n=1179)

Mat á grunnskilyrðum frumkvöðlastarfsemi

Í töflu 16 gefur að líta yfirlit yfir mat sérfræðinga á níu grunnskilyrðum GEM-líkansins. Fyrir hvert skilyrði svara sérfræðingarnir nokkrum spurningum og hefur hér verið reiknuð meðaleinkunn á bilinu 1 til 5. Ef einkunn er hærri en 3 telja sérfræðingarnir að núverandi staða grunnskilyrðisins styðji við stofnun, vöxt og viðgang nýrra fyrirtækja en ef einkunn er lægri en 3 telja þeir að staðan hafi hindrandi áhrif. Einkunnin 3 lýsir hlutleysi, þ.e. núverandi staða styður hvorki við né hindrar. Í töflunni hefur grunnskilyrðunum verið raðað upp eftir einkunnum og skipt í tvo flokka. Í efri flokknum er meðaleinkunn hærri en 3 en í þeim lægri er meðaleinkunn lægri en 3. Í efri flokknum eru því grunnskilyrði sem sérfræðingarnir telja styðja við frumkvöðlastarfsemi á Íslandi en í neðri flokknum eru grunnskilyrði sem þeir telja að hindri hana.

Tafla 16 - Mat sérfræðinga á grunnskilyrðum frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009

	Einkunn
Aðgangur að grunnaðstöðu	4,5
Menningarlegar og samfélagslegar venjur	4,2
Stefna hins opinbera	3,3
Verkefni á vegum hins opinbera	3,2
Inngöngu- og samkeppnisaðstæður	3,2
Grunnstoðir viðskiptalífsins	3,2
Útbreiðsla rannsóknar- og þróunarstarfs	3,0
Menntun og þjálfun	2,9
Fjármagnsstuðningur	2,1

Að mati sérfræðinganna styðja sex af grunnskilyrðunum við frumkvöðlastarfsemi en tvö þeirra hindra hana. Þau skilyrði sem styðja við frumkvöðlastarfsemi eru aðgangur að grunnaðstöðu, menningar- og samfélagslegar venjur, stefna hins opinbera, verkefni á vegum hins opinbera, inngöngu- og samkeppnisaðstæður, grunnstoðir viðskiptalífsins. Þau skilyrði sem hindra frumkvöðlastarfsemi eru menntun og þjálfun og fjármagnsstuðningur. Hér fyrir neðan verður farið yfir einstaka þætti grunnskilyrðanna til þess að útskýra betur hvernig þau styðja við eða hindra frumkvöðlastarfsemi á Íslandi.

Aðgangur að grunnaðstöðu: Sérfræðingarnir eru mjög sammála um að ný og vaxandi fyrirtæki hafi góðan aðgang að grunnaðstöðu, s.s. samgöngum, hita, rafmagni og fjarskiptanetum. Þeir eru sammála um að aðstaðan sé fyrir hendi, það taki skamman tíma að fá aðgang að henni og að hún sé ekki of dýr.

Menningar- og samfélagslegar venjur: Sérfræðingarnir eru einnig mjög sammála því að menningar- og samfélagslegar venjur styðji stofnun, vöxt og viðgang nýrra fyrirtækja. Mikill meirihluti sérfræðinganna telur að sjálfsbjargarviðleitni, frumkvæði og ábyrgð á eigin lífi séu sterkur hluti menningar Íslendinga og að þessir eiginleikar hvetji auk þess til sköpunargleði og nýsköpunar.

Stefna hins opinbera: Sérfræðingarnir eru nokkuð sammála um að stefna hins opinbera styðji við stofnun, vöxt og viðgang nýrra fyrirtækja. Mikill meirihluti er hlutlaus eða sammála því að stefna hins opinbera sé

hliðholl nýjum fyrirtækjum og að stuðningur við ný og vaxandi fyrirtæki hafi forgang hjá hinu opinbera. Rúmlega helmingur er hlutlaus eða sammála því að skattheimta sé ekki byrði á nýjum fyrirtækjum og um þrír fjórðu eru hlutlausir eða sammála því að reglum stjórnvalda, t.d. skattareglum, sé fylgt eftir á samkvæman og fyrirsjáanlegan hátt. Nær allir telja mjög auðvelt að stofna fyrirtæki.

Verkefni á vegum hins opinbera: Sérfræðingarnir eru nokkuð sammála um að verkefni á vegum hins opinbera styðji við frumkvöðlastarfsemi. Rúmlega helmingur er sammála því að aðstoð stjórnvalda sé nægilega mikil til að næstum allir sem þarfnist aðstoðar frá hinu opinbera geti fundið það sem þeir þurfa á að halda. Meirihluti er sammála því að hægt sé að nálgast fjölbreytta þjónustu og aðstoð hins opinbera á einum stað en þrír fjórðu eru hlutlausir eða sammála því að starfsfólk opinberra stuðningsaðila sé hæft og skilvirkt í aðstoð sinni og að aðgerðir stjórnvalda í þessum málaflokki séu skilvirkar. Frumkvöðlasetur þykja veita skilvirka þjónustu.

Inngöngu- og samkeppnisaðstæður: Sérfræðingarnir eru nokkuð sammála um að inngöngu- og samkeppnisaðstæður séu hagstæðar nýjum fyrirtækjum. Um þrír fjórðu eru hlutlausir eða sammála því að markaðir taki breytingum ár frá ári og að ný fyrirtæki geti auðveldlega komist inn á þá. Um þrír fjórðu eru hlutlausir eða sammála því að samkeppnislög séu skilvirk og þeim vel fylgt eftir. Einnig að ný fyrirtæki geti komist inn á markað án þess að vera stöðvuð á ósanngjarnan hátt, en þó geti reynst dýrt að komast inn á markaðinn.

Grunnstoðir viðskiptalífsins: Sérfræðingarnir eru nokkuð sammála um að grunnstoðir viðskiptalífsins séu góðar en telja að þjónustan sé oft of dýr til þess að ný fyrirtæki hafi efni á henni. Mikill meirihluti telur að það sé nægjanlegt framboð af verktökum, birgjum og ráðgjöfum og að ný fyrirtæki geti auðveldlega fengið aðgang að þjónustu lögmanna og endurskoðenda. Tæplega þrír fjórðu eru þó ósammála því að ný fyrirtæki geti auðveldlega tryggt sér góða bankaþjónustu.

Útbreiðsla rannsóknar- og þróunarstarfs: Það eru nokkuð skiptar skoðanir meðal sérfræðinganna um hvort ný fyrirtæki hafi góðan aðgang að nýrri vísinda- og tækniþekkingu. Rúmlega helmingur er hlutlaus eða sammála því að ný fyrirtæki hafi jafn góðan aðgang og starfandi fyrirtæki að almennri vísinda- og tækniþekkingu og tæplega tveir þriðju eru sammála því

að háskólar og rannsóknarstofnanir miðli þekkingu á skilvirkan hátt til nýrra fyrirtækja. Rúmlega helmingur er hins vegar ósammála að ný fyrirtæki fá nægilegan stuðning stjórnvalda til þess. Þrátt fyrir þetta eru þrír fjórðu sammála því að það sé grundvöllur fyrir því að skapa alþjóðlega samkeppnishæf ný tæknifyrirtæki í a.m.k. einum landshluta. Um tveir þriðju eru hlutlausir eða sammála því að í boði sé góð aðstoð fyrir vísinda- og tæknifólk til þess að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með stofnun fyrirtækis.

Menntun og þjálfun: Sérfræðingarnir eru hlutlausir eða lítillega sammála um að menntun og þjálfun á háskólastigi hamli stofnun, vöxt og viðgang nýrra fyrirtækja og telja að stuðningurinn sé ekki nógu góður á grunn- og framhaldsskólastigi. Tæplega tveir þriðju eru hlutlausir eða sammála því að háskólar veiti nemendum sínum nægjanlegan undirbúning til þess að stofna eigin fyrirtæki og nær allir eru hlutlausir eða sammála því að sú viðskipta- og stjórnunarmenntun sem í boði er veiti góðan og viðeigandi undirbúning fyrir stofnun fyrirtækis. Þegar kemur að grunn- og framhaldsskólunum eru tveir þriðju sérfræðinganna ósammála því að þeir veiti nægjanlega kennslu í grundvallaratriðum markaðshagkerfisins og að frumkvöðlastarfsemi og stofnun nýrra fyrirtækja fái þar næga athygli. Einnig eru skiptar skoðanir um hvort kennsla í grunn- og framhaldsskóla efli sköpunargleði, sjálfstæði og frumkvæði.

Fjármagnsstuðningur: Sérfræðingarnir eru nokkuð sammála um skort á áhættufjármagni til nýrra fyrirtækja og skort á lánsfjármagni almennt. Nálægt þremur fjórðu af sérfræðingunum telja að ekki sé nægilegt framboð á hlutafé eða lánsfjármagni. Litlu lægra hlutfall telur opinberan fjármagnsstuðning of lítinn og lítið framboð á fjármagni frá einstaklingum. Sama þykir uppi á teningnum varðandi framtaksfjármagn og framboð á fjármagni fyrri ný fyrirtæki á hlutabréfamörkuðum.

4. SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI ÁR

Umfang frumkvöðlastarfsemi hefur verið nokkuð stöðugt á Íslandi á tímabilinu 2002-2009. Frumkvöðlastarfsemi er þó mismunandi eftir þjóðfélagshópum, frumkvöðlar á Íslandi eru eldri en í samanburðarlöndunum, karlar er tvisvar sinnum líklegri en konur að vera frumkvöðlar, líkur á því að einstaklingar stundi frumkvöðlastarfsemi aukast með menntun og flestir frumkvöðlar skipa sér í tvo tekjuhærri þriðjungana.

Frá 2004 hefur stöðugt dregið úr hlut tekjulágra. Á milli áráanna 2008-2009 virðist aukast nokkuð hlutfall þeirra sem hefja frumkvöðlastarfsemi af nauðsyn. Allir mælikvarðarnir varðandi viðhorf almennings til frumkvöðlastarfsemi hafa tekið marktækum breytingum á tímabilinu, þeir hækkuðu nokkuð jafnt til ársins 2007, en eftir það varð þó nokkur lækkun. Hlutfall almennings sem telja sig hafa þekkingu og reynslu af að koma auga á viðskiptatækifæri og stofna fyrirtæki eykst nær stöðugt fram til ársins 2007, en lækkar eftir það. Öll grunnskilyrðin metin af sérfræðingum hækka, nema fjármagnsstuðningur sem talin eru mjög hindrandi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi.

Í þessum kafla er frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009 borin saman við frumkvöðlastarfsemi fyrri ára. Markmiðið með samanburðinum er að greina hvort einhverjar breytingar hafa orðið milli ára og ef svo er hvaða áhrif þær hafa á styrk og veikleika frumkvöðlastarfsemi á Íslandi. Samanburðurinn nær aftur til ársins 2002 en í sumum tilvikum eru ekki til gögn sem ná svo langt aftur í tímann. Áhersla verður lögð á samanburð við síðustu ár og sérstaklega árið 2008.


Sem fyrr er kaflinn þrískiptur þar sem borið er saman umfang, einkenni og umhverfi frumkvöðlastarfseinnar.

UMFANG

Mynd 4 sýnir frumkvöðlastarfsemi á Íslandi frá árinu 2002. Sé litið til tímabilsins í heild hefur umfang frumkvöðlastarfsemi á Íslandi haldist svipað. Frumkvöðlastarfsemi mælist þremur prósentustigum lægri árið 2005 en árið 2004 og er það tölfræðilega marktækur munur. Frumkvöðlastarfsemi virðist síðan hafa aukist til ársins 2007, úr henni dregið árið 2008 og aftur aukist árið 2009. Þessar breytingar eru þó ekki tölfræðilega marktækar.

Á mynd 4 sést að samsetning starfseinnar hefur breyst töluvert. Árið 2002 var fjöldi þeirra sem undirbjó nýja viðskiptastarfsemi u.þ.b. jafn mikill og þeirra sem nýlega höfðu stofnað til hennar. Árið 2005 voru þeir sem nýlega höfðu stofnað til viðskiptastarfsemi einungis um einn þriðji þeirra sem stóðu í undirbúningi. Síðustu ár hefur dregið saman með þessum tveimur hópum og hlutfallið verið um helmingur.

Mynd 4 - Frumkvöðlastarfsemi á Íslandi 2002-2009




EINKENNI

Líkt og í kaflanum á undan er hér fjallað um þátttöku einstakra hópa, tilefni og eðli starfseinnar ásamt væntingum um atvinnu- og nýsköpun.

Þátttaka einstakra þjóðfélagshópa


Aldurssamsetning þess hóps sem stundað hefur frumkvöðlastarfsemi hér á landi hefur ekki breyst mikið undanfarin ár (mynd 5) og yfir heildina er ekki tölfræðilega marktækur munur. Þó virðist frumkvöðlastarfsemi í elstu aldurshópunum tveimur hafa aukist lítillega á milli áráanna 2008 og 2009.

Mynd 5 - Þátttaka í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi á árunum 2002-2009 eftir aldri




Ekki hafa orðið neinar marktækar breytingar á þátttöku íslenskra kvenna í frumkvöðlastarfsemi á tímabilinu. Karlar hafa öll árin verið um tvöfalt líklegri til þess að taka þátt í slíkri starfsemi (mynd 6). Svo virðist sem dregið hafi úr hlutfalli kvenna á fyrri hluta tímabilsins, en þær virðast svo aftur hafa sótt í sig veðrið á síðustu fjórum árum.

Mynd 6 - Þátttaka í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi á árunum 2002-2009 eftir kyni



Á mynd 7 sést að menntun hópsins breyttist lítið á fyrri helmingi tímabilsins. Frá árinu 2006 hafa þó árlega verið marktækar breytingar á milli ára. Hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið framhaldsskólaprófi og hlutfall háskólamenntaðra hefur aukist umtalsvert á árunum 2006 til 2008 á kostnað þeirra sem lokið hafa framhaldsskólaprófi. Árið 2009 jókst hlutfall framhaldsskólamenntaðra mikið á ný.


Mynd 7 - Þátttaka í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi á árunum 2002-2009 eftir menntun



Niðurstöður fyrir árið 2008 ekki birtar vegna mögulegrar villu í gagnavinnslu

Á mynd 8 má sjá breytingar milli ára á tekjusamsetningu þeirra sem tekið hafa þátt í frumkvöðlastarfsemi héraðs síðustu ár. Marktækur munur er á tekjusamsetningu frumkvöðla á tímabilinu. Árið 2002 tilheyrðu flestir þeirra sem stunduðu frumkvöðlastarfsemi tekjuhæsta þriðjungi, árið 2003 voru þeir flestir í miðþriðjungi en árin 2004 og 2005 var sá þriðjungur fjölmennastur sem hefur lægstu tekjurnar. Frá 2004 hefur þó stöðugt dregið úr hlut tekjulægsta þriðjungs einstaklinga og árið 2009 er hlutfall þeirra komið undir 5%. Tekjuhæsti þriðjungurinn hefur hinsvegar aukið sinn hlut til 2007, þegar miðtekju þriðjungurinn tekur að bæta verulega sinn hlut.

Mynd 8 - Þátttaka í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi á árunum 2002-2009 eftir tekjum




Í heild má segja að hlutfall frumkvöðlastarfsemi hafi tekið takmörkuðum breytingum frá árinu 2002. Eins hefur þátttaka flokkuð eftir kyni og aldri lítið breyst. Betur menntaðir einstaklingar og hópar með hærri tekjur virðast þó hafa sótt mjög í sig veðrið á síðustu árum og er sú þróun sérstaklega greinileg frá árinu 2005.


Tilefni og eðli starfseminnar

Gögn um tilefni starfseminnar eftir því hvort hún er drifin áfram af viðskiptatækifærum eða nauðsyn eru aðeins til frá árinu 2006. Á mynd 9 má sjá að fyrstu þrjú árin eru hlutföllin svipuð. Á milli áruna 2008-2009 virðist aukast nokkuð hlutfall þeirra sem hafa, annað hvort að hluta eða öllu leyti, hafið frumkvöðlastarfsemi af nauðsyn.

Mynd 9 - Frumkvöðlastarfsemi á Íslandi á árunum 2006-2009 eftir tilefni starfsemi



Marktæk breyting er á samsetningu frumkvöðlastarfsemi eftir atvinnugreinum eins og mynd 10 gefur til kynna. Hægt hefur dregið úr hlutfalli frumatvinnugreina allt tímabilið, að undanskildu árinu 2009, þegar aðeins bætir í að nýju. Á fyrri hluta tímabilsins hefur frumkvöðlastarfsemi aukist í samgöngum og iðnaði en gefið eftir á kostnað fyrirtækja og neytendabjónusta á síðustu árum. Fyrirtækjabjónusta eykur hlutfallið á árunum 2007 og 2008, en dregur aftur úr á árinu 2009, þegar hlutfall neytendabjónustu hækkar.




Mynd 10 - Frumkvöðlastarfsemi á Íslandi á árunum 2002-2009 eftir atvinnugreinum

Atvinnu- og nýsköpun


Mynd 11 sýnir breytingar undanfarinna ára á væntingum frumkvöðla um fjölda starfsmanna að fimm árum liðnum. Engar marktækar breytingar hafa orðið á tímabilinu. Hæst hlutfall frumkvöðla hefur væntingar um hóflega fjölgun starfsmanna á bilinu 1-5. Fleiri búast þó við fjölgun um 20 starfsmenn eða fleiri heldur en engri fjölgun.

Mynd 11 - Væntingar frumkvöðla 2002-2009 til fjölgunar starfsmanna næstu 5 árin



Á mynd 12 má sjá þróun væntinga um hlutfall tekna frá viðskiptavinum erlendis. Engar marktækar breytingar hafa orðið á heildarþróun á tímabilinu. Þó virðist sem smá saman hafi dregið úr hlutfalli þeirra sem gera ekki ráð fyrir að selja til erlendra viðskiptavina. Hlutfall þeirra sem eiga meirihluta viðskipta sinna erlendis, hefur þó haldist nokkuð stöðugt á tímabilinu.

Mynd 12 - Væntingar frumkvöðla til útrásar á árunum 2002-2009




UMHVERFI

Í þessum hluta er borið saman mat íslenskra sérfræðinga á grunnskilyrðum frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árin 2002-2005. Fyrst eru þó skoðuð viðhorf almennings til frumkvöðlastarfsemi og mat almennings og frumkvöðla til eigin frumkvöðlafærni.

Viðhorf almennings til frumkvöðlastarfsemi

Á mynd 13 gefur að líta breytingar frá árinu 2003 á viðhorfum almennings til frumkvöðlastarfsemi. Frumkvöðlamening er metin úr frá þremur mælikvörðum. Eftir því hvort viðmælendur eru sammála því að flestir Íslendingar telji stofnun fyrirtækja eftirsóknarverðan starfsvettvang, að þeim Íslendingum sem tekst á árangursríkan hátt að stofna fyrirtæki njóti mikillar virðingar og metorða á Íslandi, og að á Íslandi sé oft sagt frá árangursríkum nýjum fyrirtækjum í fjölmiðlum. Á tímabilinu hefur orðið marktæk breyting á öllum þremur mælikvörðum og fylgni er á milli allra mælikvarðanna. Allir mælikvarðarnir hækkuðu nokkuð jafnt til ársins 2007. Árið 2008 lækkuðu þeir nokkuð og árið 2009 varð enn meiri lækkun.

Mynd 13 - Viðhorf almennings á Íslandi til frumkvöðlastarfsemi á árunum 2003-2009




Viðhorf almennings og frumkvöðla til eigin frumkvöðlafærni

Á mynd 14 má sjá frumkvöðlafærni þjóðarinnar á aldrinum 18-64 ára frá árinu 2002. Þar er frumkvöðlafærni metin út frá færni við að koma auga á viðskiptaækifæri og stofna fyrirtæki. Breytingar eru

marktækar fyrir allt tímabilið. Hlutfall þeirra sem svara báðum spurningum játandi eykst nær stöðugt fram til ársins 2007, en lækkar mikið á árinu 2008 en hækkar lítillega á ný árið 2009. Hlutfall þeirra sem svara annarri spurningunni játandi helst svipað.

Mynd 14 - Frumkvöðlafærni þjóðarinnar á árunum 2002-2009




Mat á grunnskilyrðum frumkvöðlastarfsemi

Á mynd 15 má sjá þær breytingar sem orðið hafa á mati sérfræðinga á grunnskilyrðum frumkvöðlastarfsemi

á árunum 2003-2009. Gefnar eru einkunnir á bilinu 1-5. Ef einkunn er hærri en 3 telja sérfræðingarnir að núverandi staða grunnskilyrðisins styðji við stofnun, vöxt og viðgang nýrra fyrirtækja, en ef einkunn er lægri en 3 telja þeir að staðan hafi hindrandi áhrif. Einkunnin 3 lýsir hlutleysi, þ.e. staða grunnskilyrðisins styður hvorki við né hindrar. Á myndinni hefur grunnskilyrðunum verið raðað upp eftir einkunnum árið 2009.

Mat sérfræðinganna hefur tekið nokkrum breytingum á tímabilinu. Röðin hefur þó lítið breyst en einkunn 8 af 9 grunnskilyrðum hefur almennt hækkað. Sérstaklega hefur einkunn þriggja grunnskilyrða hækkað á milli árana 2007 og 2009. Sérfræðingarnir gefa einkunn sem er hærri en þrír í 8 af 9 tilfellum og telja því þannig að 8 af 9 grunnskilyrðum hindri ekki frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009. Sérfræðingarnir eru tiltölulega hlutlausir gagnvart meirihluta grunnskilyrðanna. Grunnskilyrðin menningarlegar og samfélagslegar venjur og aðgangur að grunnaðstöðu skera sig úr með háa einkunn og fjármagnsstuðningur sker sig úr með lága einkunn. Fjármagnsstuðningur er eina grunnskilyrðið sem sérfræðingarnir telja vera áberandi hindrandi fyrir frumkvöðlastarfsemi. Óvenjumiklar breytingar hafa orðið á milli áranna 2007-2009 og má hugsanlega að hluta til reka það til að sá hópur sem leitað var til um svör tók miklum breytingum á því tímabili.

Mynd 15 - Mat sérfræðinga á grunnskilyrðum frumkvöðlastarfsemi árin 2003-2009



5. SAMANBURÐUR VIÐ FRUMKVÖÐLASTARFSEMI Í ÖÐRUM LÖNDUM

Umfang frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009 var meira en í flestum öðrum nýsköpunardrífnum hagkerfum í heiminum. Nokkur munur var á Íslandi og samanburðarlöndunum í þátttöku einstakra þjóðfélagshópa í frumkvöðlastarfsemi.

Þátttaka íslenskra kvenna í frumkvöðlastarfsemi er með minnsta móti, frumkvöðlar eru almennt eldri og hlutfall lágtekjuhópsins er mjög lágt. Ísland sker sig nokkuð úr að því leyti að hlutfall þeirrar starfsemi sem tilheyrir iðnaði og samgöngum er umtalsvert hærra hér á landi, en hlutfall fyrirtækjaþjónustu og neytendaþjónustu er lægra á Íslandi en í samanburðarlöndunum.

Væntingar um atvinnu- og nýsköpun eru háar meðal íslenskra frumkvöðla borið saman við hin löndin. Í samanburði við önnur lönd hefur umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi sterka stöðu að mati sérfræðinga. Samanburðarlöndin fá lægri einkunn en Ísland í flestum tilfellum. Mesti munurinn liggur í hárrí einkunn Íslands varðandi menningarlegar og samfélagslegar venjur og stefnu og verkefni hins opinbera, einkunn fyrir fjármagnsstuðning er hins vegar lægst allra samanburðarlandanna.

Í þessum kafla er frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009 borin saman við frumkvöðlastarfsemi í öðrum löndum það ár. Markmiðið með samanburðinum er að meta styrkleika og veikleika í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi með það fyrir augum að gera enn betur. Til þess að gera samanburðinn markvissari eru niðurstöður rannsóknarinnar á Íslandi bornar saman við niðurstöður nokkurra landa sem eru með líka samfélagsgerð og hagkerfi og Ísland.

Undanfarin ár hefur GEM-rannsóknin leitt í ljós að eðli frumkvöðlastarfsemi í hinum fjölmörgu þátttökulöndum er breytilegt eftir því hversu þróuð hagkerfi þeirra eru. Þroskaferli hagkerfa ræðst mikið til af þeim virðisauka sem skapast í samfélaginu, með framleiðniaukningu og hærri þjóðartekjum. Þessi þróun helst oft í hendur við samfélaglegar breytingar svo sem byggðapróun, atvinnuþróun og aukna sérhæfingu. Þannig getur offramboð vinnuafis, t.d. þegar stórir hópar flytja

úr dreifbýli í þéttbýli, ýtt undir nauðsynjadrifna frumkvöðlastarfsemi. Úr gögnum rannsóknarinnar má lesa að aukið umfang frumkvöðlastarfsemi helst bæði í hendur við meiri þróun hagkerfis og minni þróun hagkerfis. Sambandið milli umfangs frumkvöðlastarfsemi og þróun hagkerfis er því „u-laga“.

Þátttökulöndum er skipt í hópa eftir þróun hagkerfisins í hverju landi. Þannig er hópur landa með minnst þróuð hagkerfi tilgreindur sem auðlindadrifinn, hópur landa með meðal þroskuð hagkerfi tilgreindur sem skilvirknidrifinn og hópur landa með þroskuð hagkerfi tilgreindur sem nýsköpunardrifinn.

Auðlindadrifnu hagkerfin í rannsókninni eru tólf. Þessi lönd eiga það almennt sameiginlegt að þjóðartekjur þeirra eru lægri en hinna landanna og atvinnuvegir þeirra byggja enn mikið á frumframleiðslu. Í mörgum löndunum er landbúnaður fyrirferðamesti atvinnuvegurinn og stór hluti landsmanna býr í dreifbýli. Iðnþróun og sérhæfni er skemmra á veg komin en í hinum löndunum.

Skilvirknidrifnu hagkerfin eru alls 22. Þjóðartekjur þessara landa eru almennt hærri en auðlindadrifnu hagkerfanna. Aukin iðnþróun og sérhæfni kallar á uppbyggingu grunnstoða í þjóðfélögunum sem styðja við þroska hagkerfanna. Fjárfestingar aukast og oft er litið til stórra fyrirtækja í upphafi til að auka stærðarhagkvæmni. Með uppbyggingu fjármálaageira aukast tækifæri smærri fyrirtækja og líkur á að tækifæradrifin frumkvöðlastarfsemi aukist á kostnað nauðsynjadrifinnar frumkvöðlastarfsemi.

Nýsköpunardrifnu hagkerfin eru 20. Þjóðartekjur þessara landa eru hærri en hinna tveggja flokkanna og hlutfall þjónustugeirans er hærra. Iðnaður hefur með nýsköpun og aukningu á rannsóknum og þróun að hluta

til orðið þekkingariðnaður. Grunnstoðir þjóðfélagsins þróast enn og stýðja vel við smærri og meðalstór fyrirtæki sem oft geta betur nýtt sér hraða þróun til tækifæradrífinnar frumkvöðlastarfsemi.

Í töflu 17 er þáttökulöndunum skipt í nýsköpunardriffin lönd, skilvirknidriffin lönd og afurðadriffin lönd.

Tafla 17 - Skipting þáttökulöndanna árið 2009


	Lönd
Nýsköpunardriffin hagkerfi	Bandaríkin, Belgía, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Hong Kong, Ísland, Ísrael, Ítalía, Japan, Kórea, Noregur, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Slóvenía, Spánn, Sviss, Þýskaland
Skilvirknidriffin hagkerfi	Argentína, Bosnía og Hersegóvína, Brasilía, Chile, Dóminíska lýðveldið, Ekvador, Íran, Jórdanía, Kína, Kólumbía, Króatía, Lettland, Malasía, Panama, Perú, Rúmenía, Rússland, Serbía, Suður Afríka, Túnis, Ungverjaland, Úrúgvæ
Auðlindadriffin hagkerfi	Alsír, Gvatemala, Jamaíka, Jemen, Líbanon, Marokkó, Sáði Arabía, Sýrland, Tonga, Úganda, Venesúela, Vestur bakkinn & Gasa svæðið

Gera má ráð fyrir töluverðum mismun í einkennum og umhverfi frumkvöðlastarfsemi í þessum löndum og forvitnilegt að vita hvort Ísland eigi samleið með öðrum nýsköpunardriffinum þjóðum. Auk samanburðar við meðaltal nýsköpunardriffinu landanna eru niðurstöður fyrir Ísland bornar sérstaklega saman við meðaltal hinna Norðurlandanna, Bretland og Bandaríkin.

Sem fyrr er kaflinn þrískiptur en gerður er samanburður á umfangi, einkennum og umhverfi frumkvöðlastarfseminnar. Rétt er að taka fram að þau gögn sem liggja til grundvallar samanburðinum á milli landa eru takmarkaðri en þau sem hægt er að skoða fyrir hvert og eitt land. Því er ekki unnt að gera samanburð á milli landa á öllum þeim gögnum sem kynnt voru í köflunum hér að framan.

UMFANG


Á mynd 16 gefur að líta umfang frumkvöðlastarfsemi í öllum þáttökulöndum GEM-rannsóknarinnar. Þar sést að umfang frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2009 er mjög mikið samanborið við nýsköpunardriffinu þáttökulöndin. Aðeins í Sameinuðu arabísku furstadæmunum er frumkvöðlastarfsemi meiri en á Íslandi.



Skammstafanir: Alsír (DZ), Argentína (AR), Bandaríkin (US), Belgía (BE), Bosnía og Hersegóvína (BA), Brasilía (BR), Bretland (UK), Chile (CL), Danmörk (DK), Dóminíska lýðveldið (DO), Ekvador (EC), Finnland (FI), Frakkland (FR), Grikkland (GR), Gvatemala (GT), Holland (NL), Hong Kong (HK), Íran (IR), Ísrael (IL), Ísland (IS), Ítalía (IT), Jamaíka (JM), Japan (JP), Jemen (YE), Jórdanía (JO), Kína (CN), Kólumbía (CO), Kórea (KR), Króatía (HR), Lettland (LV), Líbanon (LB), Malasía (MY), Marokkó (MA), Noregur (NO), Panama (PA), Perú (PE), Rúmenía (RO), Rússland (RU), Sáði Arabía (SA), Sameinuðu arabísku furstadæmin (AE), Slóvenía (SI), Spánn (ES), Suður Afríka (ZA), Sýrland (SY), Sviss (SW), Tonga (TG), Túnis (TN), Úganda (UG), Ungverjaland (HU), Úrúgvæ (UY), Venesúela (VE), Þýskaland (DE). Gildi Serbíu og Vestur bakkans & Gasa svæðisins eru ekki sýnd á myndinni.

Á mynd 17 kemur fram að frumkvöðlastarfsemi hér á landi er meiri en í þeim löndum sem algengt er að Ísland sé borið saman við. Sé betur að gáð er þessi munur þó aðeins á fjölda þeirra sem undirbúa nýja starfsemi því enginn marktækur munur er á hlutfalli þeirra sem nýlega hafa stofnað til hennar og það hlutfall er reyndar lægra á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum.

Mynd 17 - Samanburður milli landa á umfangi frumkvöðlastarfsemi 2009




Á mynd 18 sést að hlutfallið milli einstaklinga sem undirbúa nýja viðskiptastarfsemi og þeirra sem nýlega hafa hafið starfsemi er töluvert hærra á Ísland en í samanburðarlöndunum. Þótt varasamt sé að túlka þetta hlutfall sem mælikvarða á skilvirkni þá bendir það til þess að á Íslandi hafi óvenju fáir nýlega stofnað til nýrrar starfsemi árið 2009 í samanburði við þann fjölda sem undirbýr starfsemi.

EINKENNI

Eins og í kaflanum hér að framan er gerður samanburður á einkennum frumkvöðlastarfsemi í þremur hlutum:

- Samanburður á þátttöku einstakra þjóðfélagshópa.
- Samanburður á tilefni og eðli starfseminnar.
- Samanburður á atvinnu- og nýsköpun


Mynd 18 - Samanburður milli landa á hlutfalli þeirra sem undirbúa nýja viðskiptastarfsemi og þeirra sem hafa nýlega stofnað til hennar árið 2009



Þátttaka einstakra þjóðfélagshópa


Á mynd 19 má sjá að þátttaka íslenskra kvenna í frumkvöðlastarfsemi er með minnsta móti. Hún er svipuð í Bandaríkjunum og meiri en í Bretlandi, en minni en á öðrum Norðurlöndum og minni en í nýsköpunardrifnu hagkerfunum í heild. Mest er þátttaka kvenna á hinum Norðurlöndunum. Þessi niðurstaða er athyglisverð í ljósi þess að á Íslandi og öðrum Norðurlöndum er atvinnuþátttaka kvenna með mesta móti.

Mynd 19 - Samanburður milli landa á þátttöku kvenna í frumkvöðlastarfsemi árið 2009




Mynd 20 sýnir samanburð á menntun þeirra sem taka þátt í frumkvöðlastarfsemi. Þar sést að hlutfall háskólamenntaðra frumkvöðla er lægst á Íslandi. Tæplega 40% Íslenskra frumkvöðla hafa lokið háskólaprófi.

Mynd 20 - Samanburður milli landa á menntun frumkvöðla árið 2009



Á mynd 21 er borin saman aldersdreifing frumkvöðla. Þótt munurinn á milli Íslands og annarra landa virðist lítil er hann marktækur í öllum tilfellum. Helsti munur á aldersdreifingunni á Íslandi í samanburði við önnur lönd


Mynd 21 - Samanburður milli landa á aldri frumkvöðla árið 2009



er hátt hlutfall aldurshópanna 45-54 og 55-64 ára og lágt hlutfall á aldersbilinu 18-44 ára.

Mynd 22 sýnir að tekjuskipting frumkvöðla á Íslandi er frábrugðin tekjuskiptingunni í samanburðarlöndunum af því leyti að hlutfall lágtekjuhópsins í frumkvöðlastarfsemi er mjög lágt og hlutfall miðtekjuhópsins hátt.


Mynd 22 - Samanburður milli landa á tekjum frumkvöðla árið 2009



Eðli starfseminnar


Á mynd 23 má sjá skiptingu viðskiptastarfsemi í undirbúningi eftir atvinnugreinum. Ísland sker sig nokkuð úr að því leyti að hlutfall þeirrar starfsemi sem tilheyrir iðnaði og samgöngum er umtalsvert hærra hér á landi. Einnig er hlutfall fyrirtækjaþjónustu og neytendaþjónustu lægra á Íslandi en í öðrum samanburðarlöndum.

Mynd 23 - Samanburður á milli landa á eftir atvinnugreinum árið 2009



Á mynd 24 má sjá samanburð á hlutfalli fólks á aldrinum 18-64 ára sem um mitt árið 2009 hafði lagt niður viðskiptastarfsemi sína á síðustu 12 mánuðum. Á Íslandi á það við um tæp 3% fólks á þessu aldrarsbili sem er sambærilegt við Bandaríkin og nokkuð hærra en í Bretlandi og nýsköpunardröfinu hagkerfunum. Þetta hlutfall er hæst í öðrum Norðurlöndum, tæplega 5%.

Mynd 24 - Samanburður á milli landa á hlutfalli þeirra sem árið 2009 höfðu lagt niður eða hætt rekstri fyrirtækis á síðustu 12 mánuðum



Atvinnu- og nýsköpun


Væntingar íslenskra frumkvöðla um atvinnusköpun eru mestar af öllum samanburðarlöndunum. Á mynd 25 má sjá að hlutfall þeirra sem telja að frumkvöðlastarfsemi skapi störf fyrir aðra en eigendur skera sig nokkuð úr á Íslandi en eru svipaðar í hinum samanburðarlöndunum.

Mynd 25 - Samanburður á milli landa á hlutfalli þeirra sem árið 2009 telja að frumkvöðlastarfsemin muni skapa störf fyrir aðra en eigendur




Munurinn á milli Íslands og samanburðarlandanna eykst stórlega þegar litið er til vaxtar. Hlutfall þeirra sem búast við að fleiri en 20 manns muni hafa atvinnu af viðskiptastarfseminni að fimm árum liðnum (sjá mynd 26), er um töluvert hærra á Íslandi en í samanburðarlöndunum og lægstur á öðrum Norðurlöndum.

Mynd 26 - Samanburður á milli landa á hlutfalli þeirra einstaklinga sem árið 2009 gera sér vonir um 20 störf eða fleiri fimm árum liðnum




Um 55% þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi á Íslandi telja að vara þeirra eða þjónusta sé ný fyrir einhverja eða alla viðskiptavini (sjá mynd 27). Þetta er hærra en í samanburðarlöndunum þar sem sama hlutfall er um 40%, fyrir utan hin Norðurlöndin þar sem það er um 25%.

Mynd 27 - Samanburður á milli landa á því hvort vara eða þjónusta er ný fyrir einhverja eða alla viðskiptavini



Mat á tæknilegu nýnæmi er einnig hærra á Íslandi en í samanburðarlöndunum. Á mynd 28 má sjá að rúmlega 40% þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi á Íslandi byggja vörur sína og þjónustu á tækni sem er yngri en fimm ára. Það er hærra en í öllum samanburðarlöndunum, og aftur lægst á hinum Norðurlöndunum.

Mynd 28 - Samanburður á milli landa á því hvort notast er við tækni eða aðferðir yngri en fimm ára árið 2009



UMHVERFI

Líkt og áður hefur komið fram er í GEM-rannsóknarverkefninu stuðst við svokallað GEM-líkan sem felur í sér níu grunnskilyrði sem hafa ýmist hvetjandi eða letjandi áhrif á frumkvöðlastarfsemi í hverju landi. Í þessum hluta verða íslensku grunnskilyrðin borin saman við grunnskilyrði í samanburðarlöndunum. Fyrst verður þó gerður samanburður á viðhorfum almennings til frumkvöðlastarfsemi og eigin frumkvöðlafærni.


Viðhorf almennings til frumkvöðlastarfsemi
Á mynd 29 koma fram viðhorf almennings á Íslandi til frumkvöðlastarfsemi í samanburði við önnur lönd.

Athyglisvert er að rúmlega 70% Íslendinga segja oft sagt frá árangursríkum nýjum fyrirtækjum í fjölmiðlum en meðaltal nýsköpunardrifu hagkerfanna er rúmlega 55%.

Rúmlega 60% Íslendinga líta svo á að þeim sem tekst á árangursríkan hátt að stofna fyrirtæki njóti mikillar virðingar og metorða. Þetta hlutfall er það lægsta af samanburðarlöndunum, þar sem er að jafnaði um 10% hærra.

Rúm 50% Íslendinga eru sammála því að flestir Íslendingar telji stofnun fyrirtækja eftirsóknarverðan starfsvettvang. Aðeins í Bretlandi er hlutfallið lægra, en í Bandaríkjunum er hlutfallið nær 15% hærra.

Mynd 29 - Samanburður milli landa á viðhorfi almennings til frumkvöðlastarfsemi árið 2009




Viðhorf almennings til eigin frumkvöðlafærni

Færni til þess að stunda frumkvöðlastarfsemi var metin á tvennan hátt í köflunum hér að framan. Metin var færni til þess koma auga á viðskiptatækifæri og færni til þess að stofna fyrirtæki. Hér er gerður samanburður á milli landa á þessu tvennu.

Eins og sjá má á mynd 30 telur tæplega 45% landsmanna á aldrinum 18-64 ára sig hafa þekkingu og kunnáttu til að koma auga á viðskiptatækifæri. Þetta hlutfall er töluvert hærra en í samanburðarlöndunum og mest er það um tvöfalt hærra en í nýsköpunardröfnu hagkerfunum, þar sem það er rúmlega 20%. Tæpur helmingur landsmanna á aldrinum 18-64 ára telur sig hafa til þess að koma á fót nýju fyrirtæki. Þetta er svipað hlutfall og í samanburðarlöndunum en hlutfallið er hærra í Bandaríkjunum og lægst í nýsköpunardröfnu hagkerfunum í heild.

Mynd 30 - Samanburður á milli landa á hlutfalli fólks sem árið 2009 telur sig hafa færni til að koma auga á viðskiptatækifæri og stofna nýtt fyrirtæki



Mat á grunnskilyrðum frumkvöðlastarfsemi

Tafla 31 gefur yfirlit yfir mat Íslenskra sérfræðinga á grunnskilyrðum frumkvöðlastarfsemi hér á landi í samanburði við mat sérfræðinga í samanburðarlöndunum. Eins og kemur fram í köflunum hér á undan eru gefnar einkunnir á bilinu 1-5. Ef einkunn er hærra en 3 telja sérfræðingarnir núverandi stöðu grunnskilyrðisins styðja við stofnun, vöxt og viðgang nýrra fyrirtækja, en ef einkunn er lægri en 3 telja þeir að staðan hafi hindrandi áhrif. Einkunnin 3 lýsir hlutleysi, þ.e. núverandi staða styður hvorki við né

hindrar. Í töflunni hefur grunnskilyrðunum verið raðað upp eftir íslensku einkunnunum og skipt í tvo flokka. Í efri flokknum er íslenska meðaleinkunnin hærra en 3, en í þeim lægri er meðaleinkunnin lægri en 3. Í efri flokknum eru því grunnskilyrði sem sérfræðingarnir telja að styðji við frumkvöðlastarfsemi á Íslandi, en í neðri flokknum eru grunnskilyrði sem þeir telja að hindri hana. Í töflunni má einnig sjá hvar Ísland er í röðinni meðal nýsköpunardröfnu hagkerfa auk hæsta og lægsta gildis í nýsköpunardröfnu hagkerfunum. Aftan við hæstu og lægstu gildin eru skammstafanir þeirra landa sem gildin eiga við.

Öll 20 nýsköpunardröfnu löndin lögðu spurningalista fyrir sérfræðinga, nema Frakkland og Japan. Skammstafanir þátttökulanda: Grikkland (GR), Ísland (IS), Ísrael (IL), Kórea (KO), Ítalía (IT), Sameinuðu arabísku furstadæmin (AE), Slóvenía (SI), Sviss (SW).

Í töflu 31 má sjá að röðun grunnskilyrða er nokkuð svipuð meðal samanburðarlöndanna. Á því eru þó nokkrar mikilvægar undantekningar.

Ísland kemur í heildina nokkuð vel út og sérfræðingar í öllum samanburðarlöndunum telja að færri grunnskilyrði styðji frumkvöðlastarfsemi í sínum löndum en sérfræðingarnir á Íslandi. Hin Norðurlöndin fá lægri einkunn en Ísland í 7 af 9 tilfellum. Munurinn liggur aðallega í hárra einkunn Íslands varðandi menningarlegar og samfélagslegar venjur og lágru einkunn varðandi fjármagnsstuðning.

Sérfræðingar í Bandaríkjunum gefa einnig lægri einkunn en sérfræðingarnir á Íslandi í 7 af 9 tilfellum. Einkunnir í Bandaríkjunum eru nokkuð lægri varðandi stefnu og verkefni hins opinbera, menntun og þjálfun og rannsóknir og þróunarstarf. Einkunn Íslands er nokkuð lægri varðandi fjármagnsstuðning.

Í Bretlandi telja sérfræðingar að menningar- og samfélagslegar venjur hindri frumkvöðlastarfsemi og óánægja er með menntun og þjálfun og rannsókn- og þróunarstarf. Enn og aftur er einkunn Íslendinga lakari varðandi fjármagnsstuðning.

Sé Ísland borið saman við meðaltal nýsköpunardröfnu hagkerfanna þá er, líkt og í samanburði við hin Norðurlöndin, helsti munurinn að menningar- og þjóðfélagslegar venjur styðja betur við frumkvöðlastarfsemi á Íslandi en vöntun á fjármagnsstuðning er lökust.

Tafla 31 - Samanburður á milli landa á grunnskilyrðum frumkvöðlastarfsemi árið 2009

	Ísland	Meðaltal annarra Norðurlanda	Bandaríkin	Bretland	Meðaltal allra hátekjulanda	Röð Íslands meðal hátekjulanda	Hæsta gildi hátekjulanda	Lægsta gildi hátekjulanda
Aðgangur að grunnaðstöðu	4,5	4,1	3,8	3,5	4,0	3 af 18	4,7 (SW)	2,9 (IT)
Menningarlegar og samfélagslegar venjur	4,2	2,8	3,8	2,7	3,1	1 af 18	4,2 (IS)	2,2 (SI)
Stefna hins opinbera	3,3	2,9	2,2	2,5	2,7	3 af 18	3,3 (AE)	1,9 (IT)
Grunnstöðir viðskiptalífsins	3,2	3,3	3,2	3,0	3,2	11 af 18	3,9 (SW)	2,4 (KO)
Verkefni á vegum hins opinberar	3,3	3,1	2,5	2,7	2,9	5 af 18	3,5 (IS)	2,3 (GR)
Inngöngu- og samkeppnisaðstæður	3,2	2,7	2,7	2,7	2,9	1 af 18	3,2 (IS)	2,5 (GR)
Rannsóknar og þróunarstarf	3,0	2,7	2,4	2,3	2,7	4 af 18	3,5 (SW)	2,1 (GR)
Menntun og þjálfun	2,9	2,7	2,3	2,0	2,6	1 af 18	2,9 (IS)	2,0 (GR)
Fjármagnsstuðningur	2,1	2,7	2,7	2,5	2,7	18 af 18	3,2 (SW)	2,1 (IS)

Öll 20 nýsköpunardrífnu löndin lögðu spurningalista fyrir sérfræðinga, nema Frakkland og Japan. Skammstafanir þátttökulanda: Grikkland (GR), Ísland (IS), Ísrael (IL), Kórea (KO), Ítalía (IT), Sameinuðu arabísku furstadæmin (AE), Slóvenía (SI), Sviss (SW).

6. FRUMKVÖÐLASTARFSEMI OG EFNAHAGSKREPPA

Umfang frumkvöðlastarfsemi og væntingar um frumkvöðlastarfsemi virðast ekki taka miklum breytingum þrátt fyrir efnahagskreppu, en hlutfall þeirra sem hætta starfsemi og stunda nauðsynjadrifna frumkvöðlastarfsemi nær tvöfaldast frá árinu 2007. Frumkvöðlum finnst erfiðara að hefja starfsemi og viðhorf almennings til frumkvöðlastarfsemi versnar.

Þrátt fyrir neikvæða þróun kemur Ísland enn nokkuð vel út meðal samanburðarlandanna. Í heild má segja að frumkvöðlar séu nokkuð bjartsýnir þrátt fyrir efnahagskreppu, um 40% telja erfiðara um vik núna að vaxa heldur en fyrir ári síðan og tæplega helmingur metur að framboð á viðskiptatækifærum hafi minnkað. Ísland sker sig þó nokkuð út varðandi 80% hlutfall frumkvöðla sem telja erfiðara nú en fyrir ári síðan að hefja starfsemi. Almenn virðist efnahagskreppan hafa töluverð neikvæð áhrif á viðhorf almennings til frumkvöðlastarfsemi. Hlutfall þeirra sem telja frumkvöðlastarfsemi góðan starfsvettvang, þeirra sem telja frumkvöðla njóta virðingar og metorða, þeirra sem segja oft sagt frá árangursríkum nýjum fyrirtækjum í fjölmiðlum og þeirra sem koma auga á viðskiptatækifæri lækkar nokkuð á tímabilinu frá árinu 2007.

Efnahagskreppa hefur að undanfögnu haft mikil áhrif í heiminum. Í GEM rannsókninni 2009 var sérstaklega reynt að svara eftirfarandi spurningum: Hvaða áhrif hafa efnahagskreppur á frumkvöðlastarfsemi og hvernig er hægt að beita frumkvöðlastarfsemi til að draga úr neikvæðum áhrifum efnahagskreppu? Spurningum var bætt við rannsóknina sem snéru sérstaklega að þessum þáttum og áhersla lögð á þá hluta sem líklegt væri að áhrifa kreppunnar gætti og hægt væri að bera saman á milli ára og á milli landa.

Það má búast við því að kreppuástand dragi úr frumkvöðlastarfsemi t.d. vegna minni fjárfestingar og neyslu. Einnig gæti þó frumkvöðlastarfsemi aukist vegna breyttra markaðsaðstæðna og minni eftirspurnar eftir vinnuafli. Því er ekki nægilegt að horfa aðeins til fjölda fyrirtækja sem verið er að stofna. Miklu máli skiptir hvernig fyrirtæki er verið að stofna, hvað hvetur frumkvöðlana áfram og hvaða væntingar þeir hafa.

Nokkrar kenningar taka á því hvernig frumkvöðlastarfsemi geti dregið úr neikvæðum áhrifum efnahagskreppu. Nýsköpun hefur oft verið mikil í efnahagskreppum - þegar þjóðfélög leita nýrra leiða. Því hefur verið haldið fram að tengsl séu á milli frumkvöðlastarfsemi og hagsveiflna. Þannig á frumkvöðlastarfsemi drifin áfram af auknum tækifærum og nýsköpun að hafa jákvæð áhrif á hagsveiflu tveimur árum síðar. Því er haldið fram í annarri kenningu að frumkvöðlastarfsemi sé í grunninn stöðug, en það ráðist af mismunandi þáttum í hvaða farvegi hún leiti. Þannig gæti kreppan hafa breytt farvegi frumkvöðlastarfsemi frekar en að hafa dregið úr henni. Starfsmenn í geirum sem illa fara út úr kreppunni sjá breytt tækifæri og leita nýrra leiða til atvinnusköpunar. Aðrir gætu ákveðið að fresta áformum um frumkvöðlastarfsemi vegna breyttra aðstæðna. Þessar kenningar benda til þess að nauðsynlegt sé að horfa dýpra en til fjölda stofnaðra fyrirtækja.


Þessi kafli skiptist í þrjá hluta. Fyrst verður litið til þátta í umfangi frumkvöðlastarfsemi sem líklegastir þykja til að taka breytingum í efnahagskreppu. Næst verður litið til þess hluta rannsóknarinnar sem fjallaði sérstaklega um áhrif efnahagskreppu á frumkvöðlastarfsemi. Að lokum verða teknir fyrir þeir þættir í umhverfi frumkvöðlastarfsemi sem líklegastir þykja til að taka breytingum í efnahagskreppu.

UMFANG

Í þessum hluta eru bornir saman þættir í umfangi frumkvöðlastarfsemi sem efnahagskreppan er talin líkleg til að hafa áhrif á. Fyrst er settur fram samanburður á milli árána 2002-2009 og sérstök áhersla verður lögð á síðustu ár tímabilsins. Næst eru sömu þættir bornir saman á milli landa á árunum 2007 og 2009.

Frumkvöðlastarfsemi lækkar nokkuð á milli áráanna 2007 og 2008 en hækkar lítillega á milli áráanna 2008 og 2009 (mynd 31). Væntingar um stofnun fyrirtækis á næstu þremur árum þróast í takt við frumkvöðlastarfsemi. Hlutfall þeirra frumkvöðla sem hættu starfsemi lækkaði stöðugt fram til ársins 2005, en hækkar aftur og nær tvöfaldast á tímabilinu 2005 - 2009. Nauðsynjadrifin frumkvöðlastarfsemi hækkar á milli áráanna 2005 og 2006, en lækkar aftur fram til ársins 2008. Á milli áráanna 2008 og 2009 nærri tvöfaldast það hlutfall sem stundar nauðsynjadrifna frumkvöðlastarfsemi.

Mynd 31: Frumkvöðlastarfsemi á Íslandi samanburður á milli ára




Hér er nauðsynjadrifin frumkvöðlastarfsemi reiknað sem hlutfall frumkvöðla og er því frábrugðið niðurstöðum á mynd 32

Næstu tvær myndir sýna sömu upplýsingar bornar saman á milli landa og áráanna 2007 og 2009. Mynd 32 sýnir að hlutfall frumkvöðlastarfsemi og væntingar um stofnun fyrirtækis eru enn hæst á Íslandi, þrátt fyrir að lækka lítillega á milli áráanna 2007 og 2009. Sömu hlutfall hækka mikið á hinum Norðurlöndunum en lækka nokkuð bæði í Bretlandi og í Bandaríkjunum


Í 2007 skýrslunni voru löndin ekki flokkuð í nýsköpunardrifin hagkerfi þannig að þeim flokki er sleppt hér. Svíþjóð tók ekki þátt í GEM rannsókninni 2009 og er því ekki í niðurstöðum fyrir hin Norðurlöndin það ár.

Mynd 32: Frumkvöðlastarfsemi og væntingar 2007 og 2009 samanburður á milli landa



Á mynd 33 má sjá að þróun hlutfalls þeirrar starfsemi sem hefur verið hætt og nauðsynjadrifinnar frumkvöðlastarfsemi er á svipuðum nótum á Íslandi, Bretlandi og í Bandaríkjunum. Þessi hlutföll hafa hins vegar hækkað mikið á hinum Norðurlöndunum á milli áráanna 2007 og 2009. Þrátt fyrir að hlutfall nauðsynjadrifinnar frumkvöðlastarfsemi hafi hækkað mikið hér á landi er það með því lágsta meðal samanburðarlandanna.

Mynd 33: Starfsemi hætt og nauðsynjadrifin frumkvöðlastarfsemi 2007 og 2009 samanburður milli ára




Hlutfall nauðsynjadrifnar frumkvöðlastarfsemi reiknað út frá heildarfjölda þátttakenda

ÁHRIF

Í þessum hluta verða birtar niðurstöður úr þeim hluta rannsóknarinnar sem lýtur sérstaklega að efnahagskreppunni og áhrifum hennar á fyrirtæki. Í rannsókninni eru einstaklingar í frumkvöðlastarfsemi fyrst beðnir að meta hvort erfiðara eða léttara sé að hefja starfsemi núna eða fyrir ári síðan, næst eru þeir beðnir að meta hvort erfiðara eða léttara sé að vaxa núna en fyrir ári síðan og að lokum eru þeir beðnir að meta hvort viðskiptatækifærum hafið fækkað eða fjölgað síðasta árið. Þátttakendur gátu í öllum tilfellum svarað því til að þeim þætti aðstæður óbreyttar. Til einföldunar í framsetningu er hér aðeins birt hlutfall þeirra sem mátu ástandið verra en fyrir ári síðan. Í lok þessa hluta eru þessir þættir á Íslandi bornir saman við önnur lönd til að greina hvort áhrif kreppunnar séu mismunandi eftir landssvæðum.

Mynd 34: Áhrif efnahagskreppu á fyrirtæki og viðskiptatækifæri 2009




Mynd 34 sýnir að 80% frumkvöðla telja að erfiðara sé að hefja starfsemi nú en fyrir ári síðan. Nær helmingi færri eða rúmlega 40% telja að erfiðara sé um vik núna að vaxa heldur en fyrir ári síðan og tæplega helmingur metur framboð á viðskiptatækifærum minna en fyrir ári síðan.

Á síðari myndinni í þessum hluta eru sömu þættirnir bornir saman á milli landa. Lítil munur er á samanburðarlöndunum varðandi fækkun viðskiptatækifæra og Ísland er nálægt meðaltali hinna samanburðarlandanna (mynd 35). Sama á við um

erfiðleika á vexti, þar sem hlutfall allra þjóðanna er mjög nærri 40%. Ísland sker sig nokkuð úr varðandi erfiðleika við að hefja starfsemi. Um 80% íslenskra frumkvöðla telja erfiðara nú en fyrir ári síðan að hefja starfsemi, en þetta hlutfall í samanburðarlöndunum er nærri 60%.


Mynd 35: Áhrif kreppu á fyrirtæki og viðskiptatækifæri 2009 samanburður milli landa



UMHVERFI

Í þessum hluta er gerður samanburður á viðhorfum þjóðarinnar til frumkvöðlastarfsemi með hugsanleg áhrif efnahagskreppunnar að leiðarljósi. Fyrst er litið til tímabilsins 2002-2009 og næst samanburður milli landa á árunum 2007 og 2009.

Mynd 36: Viðhorf til frumkvöðlastarfsemi á Íslandi samanburður á milli ára



Samræmdum gögnum um þrjú síðasttöldu atriðin var fyrst safnað í þáttökulöndunum árið 2003


Eins og sjá má á mynd 36 lækka þau þrjú viðhorf almennings sem eru mæld nokkuð frá árinu 2007. Hlutfall almennings sem telur frumkvöðlastarfsemi vera góðan starfsvettvang, hlutfall almennings sem telur að þeim sem tekst á árangursríkan hátt að stofna fyrirtæki njóti virðingar og metorða og hlutfall almennings sem telur oft sagt frá árangurríkum nýjum fyrirtækjum í fjölmiðlum. Hlutfall þeirra sem eiga auðvelt með að koma auga á viðskiptatækifæri hækkar stöðugt fram til ársins 2007, lækkar mikið á milli árunna 2007 og 2008 og hækkar líftillega aftur á milli árunna 2008 og 2009. Hlutfall þeirra sem telja sig hafa þekkingu og kunnáttu til að stofna fyrirtæki er nokkuð stöðugt.

Mynd 37: Frumkvöðlafærni almennings 2007 og 2009 samanburður á milli landa



Eins og sjá má á mynd 37 lækkar hlutfall þeirra sem koma auga á viðskiptatækifæri mikið á Íslandi á milli árunna 2007 og 2009, en hlutfall þeirra sem telja sig hafa kunnáttu og þekkingu til að stofna fyrirtæki helst stöðugt. Hlutföllin aukast aðeins í Bandaríkjunum, en þróunin er með svipuðum hætti í hinum samanburðarlöndunum en breytingin er mest á Íslandi.

Mynd 38: Viðhorf til frumkvöðlastarfsemi 2007 og 2009 samanburður á milli landa



Á mynd 38 má sjá að Ísland kom almennt vel út úr samanburði varðandi viðhorf gagnvart frumkvöðlastarfsemi árið 2007, en hlutföllin lækka öll á árinu 2009. Viðhorfin batna í Bandaríkjunum og haldast nokkuð stöðug í hinum samanburðarlöndunum. Viðhorfin hafa versnað það mikið á Íslandi á tímabilinu að árið 2009 eru þau neikvæðust á Íslandi varðandi fyrstu tvö viðhorfin, en ennþá jákvæðust varðandi hlutfall þeirra sem telja oft sagt frá árangursríkum nýjum fyrirtækjum í fjölmiðlum.

7. NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR

Í þessum kafla verða helstu niðurstöður skýrslunnar dregnar saman og settar fram ábendingar um hvernig bæta megi umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi.

Umfang frumkvöðlastarfsemi á Íslandi er mikið

Á árinu 2009 mældust 11,4% Íslendinga á aldrinum 18-64 ára, eða um 22 þúsund manns, taka þátt í frumkvöðlastarfsemi. Þetta er hæsta hlutfall í þeim nýsköpunardrífnum hagkerfum sem við berum okkur saman við.

Fleiri undirbúa en færri láta slag standa

Í GEM-rannsókninni er umfang frumkvöðlastarfsemi skilgreint sem hlutfall þeirra einstaklinga sem annaðhvort undirbúa nýja viðskiptastarfsemi eða hafa nýlega stofnað til hennar. Þótt umfang frumkvöðlastarfsemi hafi haldist nokkuð stöðugt á Íslandi frá árinu 2002 hefur orðið breyting á samsetningu starfseminnar. Árið 2002 var fjöldi þeirra sem undirbjó nýja viðskiptastarfsemi u.þ.b. jafn mikill og þeirra sem nýlega höfðu stofnað til hennar. Árið 2005 voru þeir sem nýlega höfðu stofnað til viðskiptastarfsemi einungis um einn þriðji þeirra sem stóðu í undirbúningi. Síðustu ár hefur dregið saman með þessum tveimur hópum og hlutfallið verið um helmingur.

Þátttaka kvenna er mun minni en karla

Árið 2009 voru karlar um tvisvar sinnum líklegri en konur til þess að taka þátt í frumkvöðlastarfsemi og einungis 34% þeirra sem stunduðu frumkvöðlastarfsemi árið 2009 voru konur. Þótt hlutfall kvenna í frumkvöðlastarfsemi sé hærra en á öðrum Norðurlöndum er það nokkuð lægra en í nýsköpunardrífnum hagkerfunum í heild. Konur á Íslandi nýta því ekki til jafns við karla þau tækifæri sem felast í frumkvöðlastarfsemi sem er athyglisvert í ljósi mikillar atvinnuþátttöku kvenna á Íslandi.

Frumkvöðlar á Íslandi eldri en í samanburðarlöndunum

Líkur á því að fólk taki þátt í frumkvöðlastarfsemi eru mestar á aldursbilinu 35-54 ára en minni bæði fyrir eldra og yngra fólk. Helsti munur á aldursdreifingunni

á Íslandi í samanburði við önnur lönd er hátt hlutfall aldurshópanna 45-54 og 55-64 ára og lægra hlutfall á aldursbilinu 18-44 ára.

Aukin menntun eykur líkur á frumkvöðlastarfsemi

Líkur á því að einstaklingar stundi frumkvöðlastarfsemi eykst með aukinni menntun. Undantekningu er að finna hjá þeim sem lokið hafa verknámi, en þeir er næstum því tvöfalt líklegri en þeir sem hafa lokið bóklegu framhaldshaldskólaprófi. Þrátt fyrir að hlutfall háskólagenginna hafi aukist umtalsvert á árunum 2005 til 2008 er hlutfall háskólamenntaðra á Íslandi heldur lægra en í samanburðarlöndunum.

Hluttur tekjuhærri einstaklinga í frumkvöðlastarfsemi eykst á kostnað þeirra tekjulægri

Árið 2002 tilheyrðu flestir þeirra sem stunduðu frumkvöðlastarfsemi tekjuhæsta þriðjungi, árið 2003 voru þeir flestir í miðþriðjungi en árin 2004 og 2005 var sá þriðjungur fjölmennastur sem hefur lægstu tekjurnar. Frá 2004 hefur þó stöðugt dregið úr hlut tekjulægsta þriðjungs einstaklinga og árið 2009 er hlutfall þeirra komið undir 5%.

Hlutfall frumkvöðlastarfsemi í samgöngum og iðnaði er hátt og hefur aukið sinn hlut

Hægt hefur dregið úr hlutfalli frumatvinnugreina allt tímabilið, að undanskildu árinu 2009, þegar aðeins bætir í að nýju. Á fyrri hluta tímabilsins hefur frumkvöðlastarfsemi aukist í samgöngum og iðnaði en gefið eftir á kostnað fyrirtækja og neytendapjónustu á síðustu árum. Fyrirtækjapjónusta eykur hlutfallið á árunum 2007 og 2008, en dregur aftur úr á árinu 2009, þegar hlutfall neytendapjónustu hækkar. Lág hlutfall fyrirtækjapjónustu gæti bent til minna vægis þekkingariðnaðar.

Væntingar um atvinnu- og nýsköpun íslenskra frumkvöðla eru sem fyrr háar

Væntingar íslenskra frumkvöðla um atvinnu- og nýsköpun eru mestar af öllum samanburðarlöndunum. Þannig búast íslenskir frumkvöðlar við að ráða fleira starfsfólk og vörur þeirra eða þjónusta sé ný fyrir fleiri viðskiptavinum. Einnig telja þeir tæknilegt nýnæmi meira.

Grunnaðstaða og menningar- og samfélagslegar venjur styrkur íslenska umhverfisins

Sérfræðingarnir eru mjög sammála því að menningar- og samfélagslegar venjur styðji stofnun, vöxt og viðgang nýrra fyrirtækja. Mikill meirihluti sérfræðinganna telur að sjálfsbjargarviðleitni, frumkvæði og ábyrgð á eigin lífi séu sterkur hluti menningar Íslendinga og að þessir eiginleikar hvetji auk þess til sköpunargleði og nýsköpunar. Sérfræðingarnir eru einnig mjög sammála um að ný og vaxandi fyrirtæki hafi góðan aðgang að grunnaðstöðu, s.s. samgöngum, hita, rafmagni og fjarskiptanetum. Þeir eru sammála um að aðstaðan sé fyrir hendi, það taki skamman tíma að fá aðgang að henni og að hún sé ekki of dýr.

Skortur á áhættufjármagni er helsti veikleiki íslenska umhverfisins

Eins og undanfarin ár eru sérfræðingar nokkuð sammála um skort á áhættufjármagni til nýrra fyrirtækja og skort á lánsfjármagni almennt. Nálægt þremur fjórðu af sérfræðingunum telja að ekki sé nægilegt framboð á hlutafé eða lánsfjármagni. Litlu lægra hlutfall telur opinberan fjármagnsstuðning of lítinn og lítið framboð á fjármagni frá einstaklingum. Sama þykir uppi á teningnum varðandi framtaksfjármagn og framboð á fjármagni fyrir ný fyrirtæki á hlutabréfamörkuðum.

Efnahagskreppan hefur lítil áhrif á umfang frumkvöðlastarfsemi ...

Frumkvöðlastarfsemi lækkar nokkuð á milli árunna 2007 og 2008 en hækkar lítillega á milli árunna 2008 og 2009. Væntingar um stofnun fyrirtækis á næstu þremur árum þróast í takt við frumkvöðlastarfsemi. Umfang frumkvöðlastarfsemi er því stöðugt og áfram hátt samanborið við nýsköpunardröfin lönd.

... en hlutfall sem hætt hafa starfsemi og nauðsynjadrifinnar frumkvöðlastarfsemi nær tvöfaldast

Hlutfall þeirra frumkvöðla sem hættu starfsemi lækkaði stöðugt fram til ársins 2005, en hækkar aftur og nær

tvöfaldast á tímabilinu 2005 - 2009. Nauðsynjadrifin frumkvöðlastarfsemi hækkar á milli árunna 2005 og 2006, en lækkar aftur fram til ársins 2008. Á milli árunna 2008 og 2009 nærri tvöfaldast það hlutfall sem stundar nauðsynjadrifna frumkvöðlastarfsemi.

Óbreytt umfang frumkvöðlastarfsemi þrátt fyrir kreppu skapar sóknarfæri

Þrátt fyrir að umfang frumkvöðlastarfsemi hafi ekki tekið breytingum í kjölfar efnahagskreppunnar, virðast einkenni og umhverfi hafa breyst nokkuð. Fleiri hætta starfsemi, fleiri stunda nauðsynjadrifna frumkvöðlastarfsemi, háu hlutfalli finnst erfiðara að hefja starfsemi og viðhorf almennings til frumkvöðlastarfsemi hafa versnað. Hugsanlega gætu þessar breytingar haft langtímaáhrif sem enn eiga eftir að koma fram. Á þessum tímamótum hlýtur að vera mikilvægara en oft áður að nýta þann styrk sem felst í því frumkvæði sem býr í Íslendingum. Það gerir okkur kleift að nýta tækifæri sem okkur bjóðast og eykur sveigjanleika efnahagslífsins. Á síðustu árum hafa stjórnvöld unnið ötulllega að því að auka stuðning við frumkvöðlastarfsemi og enn felast þar mikilvæg tækifæri, sérstaklega í stuðningi við þekkingarfyrirtæki og útflutningsfyrirtæki. Stjórnvöldum ber að tryggja að þetta frumkvæði fái að njóta sín þjóðinni til hagsbóta.

Auka möguleika þeirra hópa sem mælast með lága þátttöku í frumkvöðlastarfsemi

Hlutfall kvenna og yngri einstaklinga í frumkvöðlastarfsemi er lægra en í samanburðarlöndunum. Á síðustu árum hefur einnig dregið úr hlutu tekjulægstu einstaklinganna og gæti sú þróun að hluta til orsakast af efnahagskreppunni. Nokkuð hefur verið gert til að bæta hag einstakra hópa í þjóðfélaginu í frumkvöðlastarfsemi og frekari tækifæri mætti nýta á því sviði til að auka fjölbreytileika nýskapandi starfsemi.

Auka fjármagn til frumkvöðlastarfsemi - oft þörf en nú nauðsyn

Efnahagsástandið hefur síst dregið úr því mati sérfræðinga að stórlega skorti áhættufjárfestingar, framtaksfjármagn, opinberan fjármagnsstuðning og lánsfjármagn almennt. Ýmislegt hefur verið vel gert og má í því sambandi negna „sprotalögin“ og aðkomu lífeyrissjóða. En meira þarf til ef duga skal og áhættufælni fjárfesta í efnahagskreppunni kemur illa niður á sprotafyrirtækjum þegar síst skyldi. Áskorun til opinbera aðila er að auka aðgang að fjármagni til frumkvöðlastarfsemi, því oft var þörf en nú er nauðsyn.

HEIMILDASKRÁ

Baumol, W.J. (1990). „Entrepreneurship: Productive, Unproductive and Destructive,” *Journal of Political Economy*, 98 (5), 893-921.

Gilson, R. J. (2003). „Engineering a Venture Capital Market: Lessons from the American Experience.” *Stanford Law Review*, 55(4), bls. 1067-1104.

Koellinger, P. and Thurik, R. (2009) „Entrepreneurship and the Business Cycle,” Tinbergen Institute Discussion Paper, TI 2009-032/3, Erasmus School of Economics, Erasmus University Rotterdam ,EIM Business and Policy Research, Zoetermeer, The Netherlands, Tinbergen Institute.

Reynolds, P., Bosma, N. og Autio, E. (2005). *Global Entrepreneurship Monitor: Data Collection Design and Implementation 1998-2003*. Óbirt skýrsla.

Rögnvaldur J. Sæmundsson og Guðrún Mjöll Sigurðardóttir (2004). *Úttekt á fjármálavanda nýrra fyrirtækja á Íslandi*. Reykjavík, Háskólinn í Reykjavík.

Scheinberg, S. og MacMillan, I. (1988). „An 11 country study of motivations to start a business”. Í Kirchoff, B.A., Long, W.A., McMullan, W.E., Vesper, K.H. og Wetzel, W.E. (ritstj.) *Frontiers of Entrepreneurship Research*. Wellesley, MA: Babson College, bls. 669-687.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Menntavegur 1 101 Reykjavík Sími: 599 6200 www.ru.is



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ